




ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS 1996





Guðmundur Helgi kitlar reðurtáknið (Fang).

Ljósm.: Úr safni GHC.

Efnisyfirlit:

Cho You	4
Amerika	9
Hvíta heiðafjall	12
Patagónía	17
Norðurveggirnir þrír	23
Yfir Grænlandsjökul	25
Titan	29
Glymsgil – leiðarvísir	34
Sígildar leiðir	41
Félagsstarf	48
Fréttapistill	50
Ársskýrsla	62

Forsíðumynd:

Cho Oyu, myndin er tekin úr
Advanced Base Camp, ljósm:
Björn Ólafsson.

Útgefandi:

Íslenski alpaklúbburinn – félag
áhugamanna um fjallamennsku.
Pósthólf 1054, 101 Reykjavík

Ritnefnd:

Tómas Grønvaldt Júlíusson, ábm.
s.5682883
Jón Haukur Steingrímsson,
s.5543121
Hallgrímur Magnússon,
s.5613929
Björn Vilhjálmsson,
s.5652834

Próförk:

Salbjörg Óskarsdóttir, s.5525069

Prentvinnsla: Grafík hf.

Ritnefnd áskilur sér rétt til að
stytta eða breyta greinum sem
birtast í ársritinu.



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

12. TÖLUBLAÐ
DESEMBER 1996

Kæru félagar,

Það fór ekki svo að ritnefnd næði að senda frá sér annað blað á réttu ári. Við höldum hins vegar upp á að vera ekki langt á eftir áætlun í þetta skiptið. Það er kannski eðlilegra að ársrit komi út í ársbyrjun heldur en árslok. Nú í ár er 20 ára afmæli klúbbsins og verður vonandi mikið um dýrðir í tilefni þess. Ritnefnd ætlar að leggja sitt af mörkum til þess. Í haust er stefnt að vænu ársriti, þar sem tæpt verður á því helsta í sögu klúbbsins. Einnig er ætlun okkar að safna saman helstu leiðarvísirum sem búið er að gefa út í eitt rit. Ljóst er að gríðarleg vinna verður í að uppfæra allt það efni og koma aftur á prent. Þetta er eitt þeirra mála sem mikið er búið að ræða um síðustu ár og því ekki að gefa okkur sjálfum stóra afmælisgjöf á þessum tímamótum. Útgáfa leiðarvísisins verður mjög kostnaðarsöm og er varla á færi svo lítilla samtaka. Allar ábendingar um fjármögnunarleiðir á þessu riti eru því vel þegnar. Í ár lét Hörður af störfum í ritnefndinni, en ber er hver að baki nema sér bróður eigi og sannast það nú því Hallgrímur er kominn í hans stað. Torfi er einnig horfinn til annarra starfa en Björn Vilhjálmsson er kominn aftur eftir stutt frí. Við sem eftir sitjum þökkum vel unnin störf og bjóðum gamla og nýja ritnefndarmeðlimi velkomna til starfa. Þegar síðasta blað kom út voru Íslendingar rétt búnir að rjúfa 8.000 m múrinn, þegar Einar, Björn og Hallgrímur gengu á Cho Oyu. Fæsta grunaði þá að í bígerð væri fyrsta atlagi Íslendinga að Everest en í marslok munu þeir sömu halda austur á bóginn að takast á við þann stærsta. Ritnefnd óskar þeim góðs gengis og væntir þess að fá feita grein um ferðina í næsta ársrit.

JHS

Stjórn Ísalp 1996:

Formaður
Varaformaður
Gjaldkeri
Ritari
Meðstjórnendur

Páll Sveinsson, s.5689048
Árni Gunnar Reynisson, s.5544217
Katrín Oddsdóttir, s.5529949
Pétur Ásbjörnsson, s.5689581
Elín S. Sigurðardóttir, s.5613929
Jóhann Kjartansson, s.5545502
Árni Eðvaldsson, s.5554047

Skálanefnd:

Guttormur B. Þórarinnsson, s.5522712
Jón Þórgímsson, s.5575011

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason, s.5667094
Snævarr Guðmundsson, s.5654606

Ritstjóri fréttabréfs:

Elín S. Sigurðardóttir, s.5613929

Ferða- og fundanefnd:

Elín S. Sigurðardóttir, s.5613929
Þorvaldur Þórsson, s.5774090
Þórarinn Pálsson, s.5572954
Valgeir Ægir Ingólfsson, s.5670271
Jökull Bergmann, s.5811982

Húsnefnd:

Árni Gunnar Reynisson.
Björn Baldursson, s.5536854

Uppstillinganefnd:

Árni Gunnar Reynisson.
Hallgrímur Magnússon, s.5613929
Haraldur Örn Ólafsson, s.5512719

Umhverfisnefnd:

Jón Viðar Sigurðsson, s.5510587
Ingimundur Stefánsson, s.5884547
Árni Tryggvason, s.5619469

Félagatal:

Salbjörg Óskarsdóttir, s.5525069



Nic bjástrar við vettlingana á leið í búðir 2, ónefndur 7.000 m hóll í baksýn. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.



Advanced base camp. Í baksýn ber Drangnag Ri 6801 m við himinn yfir Nang Pa La skarð. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.

Cho Oyu

eftir Hallgrím Magnússon



Síðasti hvíldardagur fyrir lokaátökin rann upp. Þetta var einn af mörgum sem liðið höfðu í þessari ferð. Í svefnrofunum heyrðist pottahljóð, kokkurinn var að berja ausu við pottana og okkar beið morgunmatur að hætti Breta. Það var vaninn að allur hópurinn hittist í morgunsárið og ræddi málin. Dagurinn leið eins og svo margir aðrir, menn sinntu sínum málum við þvotta, lestur og siestu. Undir kvöld hljómaði í pottum öðru sinni. Í matartjaldið mættu allir leiðangursmenn, alls 28 menn. Okkar beið þriggja rétta kvöldmáltíð að vanda. Kvöldið leið, mest fór fyrir Tinker og félögum og umræðuefnið var heimsveldisstefna Breta. Eitthvað var kvartað yfir enskukunnáttu okkar félaganna, en við höfðum þann háttinn á að öll okkar samskipti voru á íslensku þannig að við gætum rakkað félagana að vild og yfirgnæft heimsveldissinnana. Leiðangurslæknirinn velti fyrir sér hvernig væri að hafa mök við konu yfir 8000 m og byrjaði í 30. skipti að lesa úr heimsmetabók Guinness. Við lesturinn fóru menn að ókyrrast og einn af öðrum tindist út úr tjaldinu. Þegar hann fór að leita enn einu sinni að heimsmetum ættuðum frá Íslandi sáuð við þann kost vænstan að koma okkur í poka.

Okkar beið lokaáfanginn og ekki verra að fá góðan svefn fyrir átökin.

Til stóð að klífa fjallið í fjórum dagleiðum og gista í búðunum þremur, sem við vorum þegar búnir að koma upp, á leiðinni. Fyrsta dagleiðin úr grunnbúðum (5600m) upp í fyrstu (6400m) búðir gekk að óskum, við þremmingarnir héldum hópinn að vanda en með okkur í för voru Jon Tinker leiðangurstjóri, Nicolai Shustrov (Nic) rússneskur fjallaleiðsögumaður ættaður frá Pétursborg og Dr. David L. Schneider, kynóður læknir leiðangursins og „stórvinur“ okkar Íslendinganna. Sherparnir höfðu ekki áhuga á að eyða öllum þessum tíma á fjallinu og hugðust hitta okkur í öðrum búðum. Þetta var fjórða uppfærð okkar upp í fyrstu búðir og ekki laust við að maður væri búinn að fá nóg af þessum legg leiðarinnar. Allir leiðangursmenn voru enn við hestaheilsu og enginn kvartaði. Það var aðeins einn galli á gjöf Njarðar, undirritaður fann fyrir ólgu í maga en lét ekki á neinu bera og afgreiddi sóttina sem stress. Önnur dagleið var úr fyrstu búðum (6400m) upp í aðrar búðir (7000m). Á þessari leið vorum við búnir að leggja fastar línur í hluta leiðarinnar þannig



Ekki á íslenskri útihátíð. Babu og Lama nautnalegir í efstu búðum. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.



að hver leiðangursmaður tók þann tíma sem hann þurfti. Við skriðum ekki úr poka fyrir en löngu eftir sólarupprás og allir okkar félagar voru löngu farnir þegar við drulluðumst á fætur. Þessi dagleið átti eftir að verða erfiðari en ég hafði búist við. Það var greinilegt að ég var ekki eins og ég átti að mér að vera, kuldavella hríslaðist um mig og lítið fjör í skrokknum. Í síðustu brekkunni undir öðrum búðum höfðu þeir félagar ekki lengur þolinmæði að bíða og drifu sig upp, þessi spölur tók mig um klukkustund og á þessum tímamarki var ég alvarlega að hugsa um að snúa við. Þegar ég kom upp voru menn að leggja á ráðin með áframhaldið. Það var greinilegt að ég var ekki einn um slappleika, lækurinn vældi eitthvað í Tinker en það var greinilegt á viðbrögðum hans að hann hafði ekki nokkurn áhuga á að láta eitthvað læknagrey eyðileggja fyrir sér uppferðina. Ég hafði ekki nokkurn kraft í slíkar umræður og kom mér inn í tjald. Ég var verulega slappur og hafði ekki nokkurn kraft í eldamennsku. Það kom í hlut Einars að elda ofan í okkur og að mata mig. Á boðstólnum var kjötkássa „Chili con carne“, bresk baunakjöt-

Nic í kvöldgöngu við þriðju búðir. Leiðin sem fææagarnir fóru liggur upp hrygginn í baksýn. Skarpskyggirnir lesendur geta ef til vill greint búðir 1. og 2. á hryggnum.

Ljós.: Hallgrímur Magnússon.



Á lokadegi. Tinker silast í átt að toppnum. Ljós.: Hallgrímur Magnússon.

kássa sem við vorum búnir að lifa á allan tímann á fjallinu. Ég fékk æluna upp í háls þegar ég fann lyktina og kom ekki einum bita niður. Einar varð því að hita núðlusúpu og te. Þarna kom berlega í ljós þjónustulund Einars, hann emjaði eins og stunginn grís yfir þessari fórn sem hann færði. Það var ekki laust við að fyrsta ósætti ferðarinnar væri í uppsiglingu. Hann var greinilega búinn að gleyma sinni eigin heilsu og hvernig við Björn höfðum fætt hann og klætt síðustu vikurnar, og jafnvel því að hann hafði kastað vatni í vatnsflöskuna mína í þessu sama tjaldi nokkrum dögum áður. Honum var tjáð þessi skoðun mín í nokkrum vel völdum orðum og ég fékk þá þjónustu sem ég þurfti með lágmarkstuði. Maginn ólgaði enn og ég gekk á fund læknisins. Hann var greinilega hressari en fyrr um daginn. Eftir stutt spjall um iður mín tjáði hann mér að ef mér versnaði þá væri hann með „allt“ sem ég þyrfti til að komast upp. Miðað við þann svip sem fylgdi þessum orðum sá ég þann kost vænstan að afpakka aðstöðina og var ákveðinn í að leita ekki á náðir hans aftur.

Daginn eftir var liðanin góð og allir hressir.

Leiðin upp í þriðju búðir (7400m) var löng brekka upp gamlan snjóflóðafarveg sem endaði í klettastapa þar sem við höfðum komið búðunum fyrir. Sherparnir Babu og Lama voru mættir og biðu eftir okkur. Uppferðin gekk að óskum og tók um 4 klst. Um kvöldið höfðum við góðan tíma til að undirbúa okkur undir lokadaginn. Við hituðum upp þá 9 lítra af vatni sem við höfðum áætlað að drekka á toppadeginum og reyndum að borða en lystin fór þverrandi, núðlusúpa og súkkulaði var uppistaðan í fæðinu. Undir kvöld kom ég mér á fætur til að mynda sólarlagið og notaði tækifærið og brólti milli tjaldanna. Þegar ég leit inn í tjald til Babu og Lama var það fyrsta sem kom á móti mér skeið full af niðursoðnum ávöxtum, ég var undrunin ein en þáði boðið með þökkum. Nú kom loks í ljós hverju þeir höfðu dröslað þarna upp, ég hafði einmitt furðað mig deginum áður hvaða byrðar þeir væru með þar sem við vorum þegar búnir að koma tjöldunum upp í þriðju búðum og allir með tvöfaldan skammt af mat og eldunar-áhöldum. Þarna höfðu þeir dröslað með fleiri lítrum af niðursoðnum ávöxtum þykkum frauðplastdýnum og ýmsu fleira þeim til hæg-

indaauka, eitthvað sem okkur hinum nægir að hafa með í stuttum nautnaferðum.

Undir myrkur lögðumst við til svefns og áætluðum að vakna um kl 2:30. Allar klukkur voru stilltar að fenginni reynslu. Sögur fara af svefntruflunum meðal fjallamanna þegar sofið er í mikilli hæð en okkar reynsla var þveröfug, enginn okkar átti erfitt með svefn og allir vorum við latir á fætur á morgnana. Ein undantekning var þó á þessu, Einar hafði átt í erfiðleikum með að koma niður vatni alla ferðina og það hafði í för með sér að munnhol hans þornaði upp og tungan límdist við góminn. Þetta kostaði miklar ræskingar og munnskölun á nóttunni sem gat verið hvítleið. Ekki vöknudum við þó klukkurnar væru þrjár, við sváfum um klukkutíma lengur en við höfðum áætlað. Iðrin voru söm við sig og um morguninn undirbjó ég mig að mestu í holu utan við tjaldið meðan strákarnir sáu um matarundirbúning og drykkjarföng. Það tók okkur yfir tvær klukkustundir að endurhita vatnið sem hafði allt krapað og frosið um nóttina, tveimur stundum síðar vorum við tilbúnir og hópurinn lagði af stað um 5:30. Uppferðin tók okkur um 7 klukkustundir. Leiðin upp frá búðunum var upp í gegnum nokkur klettabelti en eftir þau tók við ísuð hlið upp í ca. 7900 m. Á þessum kafla notuðum við línur en eftir það tók brattinn að minnka og endaði í um 2 km langri ávalri brekku sem aldrei ætlaði að taka enda. Á þessum lokakafla var aðeins stoppað í einum tilgangi og á undirritaður sök á því. Þarna var mér aðeins eitt í huga, það var að komast upp og ekki dragast aftur úr hópnum. Eftir ófáa andardrætti og stunur birtust trúarveifur og súrefniskútar. Lokaáfanganum var náð og rétt í svipinn birtist heldur hærra fjall sem ögrað hefur mörgum fjallamanninum.

Næsta verkefni var að ná nokkrum toppamyndum og þá kom í ljós í hvernig ástandi við vorum. Myndatökan tók óheyrligan tíma en árangur myndatökunnar var ekki að sama skapi. Einar fékk videovélina í hendurnar og ætlaði að ná „panorama view“, hann lyfti vélinni og snéri sér einn hring með þeim orðum að hann gæti þetta ekki og henti vélinni í snjóinn. Björn vafraði að mestu í hringi en tókst þó að stilla upp myndavél fyrir toppamynd. Á meðan reyndi ég af veikum mætti að bæta úr hreyfimyndunum hans Einars með döprum

árangri. Þegar þetta var allt yfirstaðið höfðu ferðafélagar okkar misst þolinmæðina og voru lagðir af stað niður. Ég og Björn drifum okkur af stað á eftir þeim, Einar varð eftir og átti að taka bakpokann. Ekki vildum við fara langt á undan svo við settumst niður og biðum. Eftir óralanga stund birtist Einar með bakpokann í drætti. Hann hafði ekki komið honum yfir axlirnar einn síns liðs. Þegar bakpokinn var kominn á sinn stað gátum við haldið niður. Eftir var aðeins niðurferðin en hún reyndist okkur erfiðasti kafla leiðarinnar. Það tók okkur milli 4 og 5 klukkustundir að komast niður í efstu búðir þar sem við fengum loksins hvíld. Enginn okkar hafði orku til að koma sér fyrir og við lágum hver um annan þveran í öllum herklæðum. Undir nótt komum við okkur úr broddum og lögðumst til svefns. Næsta morgun dröttuðumst við á fætur og héldum áleiðis niður í Grunnbúðir. Ekki tók betra við, niðurferðin tók okkur allan daginn en fyrr í ferðinni hafði þessi sama leið tekið okkur um 2 klukkustundir. Þegar við nálguðumst fyrstu búðir kom á móti okkur brosandi andlit, Babu var þarna á ferð við annan mann. Eftir að hann og Lama yfirgáfu okkur á toppnum höfðu þeir farið rakleiðis niður í aðalbúðir til hvíldar. Uppferðin hafði ekki tekið meira á Babu en svo að hann bauðst til að fara strax upp í efstu búðir ef einhverjir af leiðangursmönnum hefðu getu í toppadag. Raunin var sú að Babu var eini leiðangursmaðurinn sem átti einhverja orku eftir. Það fóru ekki mörg orð á milli okkar og hann kvaddi með virtum og skokkaði áleiðis upp eftir hliðunum. Það var ekki laust við öfundarglampa í augum okkar að fylgjast með þessu þéttvaxna ofurmenni hverfa okkur sýnum.

Í þessari grein hef ég reynt að lýsa því sem á daga okkar dreif í þessari lokaatrennu á hærra fjall en nokkur Íslendingur hafði áður stigið. Fyrir okkur smáþjóðina var þetta ef til vill stökk upp á við en það er fátt nýtt undir sólinni úti í hinum stóra heimi. Þarna vorum við að takast á við verkefni sem er vel þekkt í fjallasögunni og án efa ekki það merkilegasta sem gerist þessa dagana. Þetta var okkur dýrmæt reynsla sem ég vildi ekki vera án og verður vonandi til þess að hvetja íslenska fjallamenn til stærri verkefna þar sem þeir eiga fullt erindi.

„Coming to AMERIKA“

eftir Þórarin Pálsson



Íslendingafélagið á Independence Monument. Ljósma.: Óþekktur.


Í þessu greinarkorni hérna ætla ég að segja frá frábærri klifurferð fjögurra misungra drengja til Vesturheims þar sem tilgangurinn var að reyna litlu hjörtun í stóru klettunum í Ameríku.

„Ja, hvað fannst þér maður, soldið bratt, ha.“ „Ja svona alveg þokkalegt þakka þér“, segi ég með útbólgni framhandleggi, kramdar tær og egóíð í mínus. Stefán náttúrulega bara hlær og segir „jú læk it maður, sástu ekki stelpuna sem rúllaði þessu upp í gær“? „Á ég að skilja þetta sem einhverskonar sneið til mín“ svara ég og reyni máttleysislega að losa hnútinn sem hafði tröllherst eftir að ég hafði sest nokkrum sinnum í.

Fyrstu dagarnir í Rifle ætluðu ekki að reynast neitt sældarlíf. Það að keyra næstum því þvert yfir Bandaríkin er ekkert sem ég mæli með við neinn, allavega ekki á þrem dögum eins og við vorum búnir að gera. Við vorum orðnir næstum jafn tilfinninganæmir í rassinum og prinsessan á bauninni. Að standa á tveim fótum og hlaupa um eins og beljur að vori var því kærkomin tilbreyting. Þetta einstaka gil sem er í fjalllendu fyrir ofan smábæinn Rifle er eins og útúr pöntunarlista fyrir klifursvæði. Ótrúlega lítil á hefur sorfið mjúk-

an kalksteininn og skilið eftir sig slútandi kletta á báðar hendur. Þessir frábæru klettur og góð staðsetning er ástæðan fyrir því að Rifle er orðið eitt mest spennandi svæðið í heiminum í dag og eru þar margar af erfiðustu leiðum í Bandaríkjunum.

Klifurform þessa fyrstu dagana var ekkert til að hrópa húrra fyrir, að vísu var Björn nokkuð snöggur í gang og fór eina 12c onsight (fyrirvaralaust) annan daginn. Stefán virtist líka eitthvað að frískast og smám saman fór blóðið að renna betur í okkur öllum og gott ef pumpan virtist ekki aðeins minni. Að klifra í Rifle tekur mikið á og hvíldardagar verða því nokkuð margir og oft nokkuð leiðinlegir, því hvað er annað hægt en að verða eirðarlaus með allar þessar flottu leiðir og glæsilegu kletta allt í kringum sig. Það er þó oft gaman að ráfa um svæðin þó maður sé ekki að klifra, því oft má sjá glæsileg tilþríf þeirra sem ekki eru að hvíla og berja augum stórstjörnur eins og Ron Kauk og Bobbi Bensmann. Ef einhver heldur að klifurform endist aðeins rétt fram yfir þrítugt þá er það rangt því við hittum Þjóðverja, búsettan í Bandaríkjunum, sem heitir Hermann. Þrátt fyrir að hann sé hálfsextugur og ári betur þá klifraði hann eins og unglingur 13 a-b fram og aftur og ekki fór



Árni Gunnar tekur á granítinu í Atlantis (Needles). Ljóm.: Stefán Steinar Smáráson.

fyrir aukakílónum. Einn daginn í Rifle leið okkur eins og við værum komnir inní ameríska bíómynd því heilmikill kúarekstur þræmmaði í gegnum gilið og var ekki þverfótað fyrir forvitnum beljum í nokkra klukkutíma.

Eftir tvær vikur fórum við til Boulder í heim-sókn til Helga og Jóku og hvíldumst í nokkra daga. Rifle heilsaði með kólnandi veðri með einstaka þrumuveðri og í eitt skiptið vöknudum við í frosti og snjó upp í ökkla (Hnappavellir hvað?). Smá sólarglæta í kuldanum var þegar Helgi og Jóka heimsóttu okkur og drógu okkur í ekta sandsteinsklifur. Rétt hjá Grand Junction er u.þ.b. 150 m hár sandsteinsturn sem heitir Independence Monument og er til nokkuð merkileg saga af manni sem rétt eftir aldamót tók upp á því að höggva þrep og járnstengur í stapann til að draga

unnustu sína þangað upp og biðja hennar. Greinileg ummerki eru eftir þessar framkvæmdir því mest er klifrað í stórum boruðum holum eftir karlinn.

Í Rifle var áfram kalt og því var brunað til Kaliforníu því þangað var förrinni heitið næst. Ekki voru þó allir fúsir að yfirgefa staðinn því að við allir vorum farnir að finna okkur erfiðar leiðir til að vinna í. Eftir að málin höfðu verið rædd var ákveðið að bruna nokkur þúsund mílur á leigudrekanum til Needles í Kaliforníu til að „komast loksins í almennilegt helv... klifur“ eins og Stefán vildi orða það. Ég var nú persónulega hálfefins um það dæmi því að djammið er ekki mitt uppáhald í þeirri merkingu orðsins. Eftir fyrsta daginn í Needles þögnuðu allar efasemdaraddir því að stórskemmtilegt er klifrið. Parna fengu menn að upplifa næstum því ekta alpafíling, vel tryggðar 2-300 metra langar granítleiðir og það sem besta var að enginn var á svæðinu nema fuglarnir, fjöllin og fjórir Íslendingar.

Jæja, ekki þýddi bara að lifa í draumi og detta alveg úr formi, kalksteinsslútin og alvaran biðu í Colorado. Við urðum þó að stoppa aðeins í Las Vegas aðallega til að fara í Rússíbanann sem er þar rétt hjá til að hræra aðeins í öllu pastanu sem við vorum búnir að innbyrða. Sól og bliða var í Rifle og allt eins og það átti að sér að vera og leiðirnar fóru að falla ein af annarri. Árni negldi Debaser (12d) og hafði áður farið Vitamin H (12c- d) ásamt fleiri tólfum, Bjössí fór Fluff Boy (13c) og Pump o Rama (13a) og fleiri góðar. Við Stefán börðumst lengi við In your face (12d) og fór svo að mér tókst að klóra mig upp, eftir að Japanagrey hafði verið svo góður að setja sín sling í fyrst. Við fórum einnig nokkrar leiðir á bilinu 12a-b og helling af léttari en samt stórskemmtilegum leiðum.

Klettafjöllin voru nú yfirgefin og stefnan tekin í austurátt, nánar tiltekið til Kentucky þar sem hafði frést af nýlegu og flottu svæði sem heitir Red River Gorge. Þar átti að æfa on-sight og þol fyrir komandi Norðurlandamót og er óhætt að segja að staðurinn henti vel til þess, því að leiðirnar þar eru langar, flottar og brattar. Erfitt er að ímynda sér við fyrstu komu til Kentucky að þar sé gósenland fyrir klifur því að hvergi sér maður fjöll og allt er á kafi í

skógi. Fljótlega varð okkur þó ljóst að hér mátti vart míga á bak við runna án þess að sjá klett. Óhætt er að mæla með svæðinu við hvern sem er, því leiðirnar eru af öllum gráðum og sandsteinninn alveg frábær. Svæðin eru nokkur og er smá spotti sem þarf að keyra á milli. Stærst, brattast og flottast er svokallað Motherlode þar sem má líkja klettunum við risastórt Campusbretti. Gott úthald er alveg nauðsynlegt því leiðirnar eru langar og pumpandi en ekki mjög tæknilegar eða „furðulegar“ eins og oft var uppá teningnum í Rifle þó að þar hefði alveg örugglega mátt finna fyrir kunnugri tilfinningu í framhandleggjunum. Við gistum á tjaldsvæði í Red sem var ekki alveg fjögurra stjörnu en stemmningin þar var mjög skemmtileg, varðeldur á hverju kvöldi og á þessu tjaldsvæði voru aðeins klifrarar. Það getur oft verið gaman að vera Íslendingur á slíkri samkomu því eins og margir kannast við dynja á manni margar spurningar, sérstaklega í Ameríku þar sem einhver er líklega búinn að segja þér ævisögu sína, hvort sem þú vilt eða ei, eftir hálf tíma kynni. Þarna tókst mönnum að bæta sinn persónulega árangur í onsight. Árni fór 12b og ég flassaði eina 12b á síðustu kaloríunni. Bjössi fór Hard Rock (12d) í fyrstu tilraun.

Eftir tveggja vikna dvöl í Red þurfti ég því miður að skilja við hópinn vegna meiðsla og halda heim í haustið en drengirnir héldu áfram ferðinni. Það er óhætt að segja að austurströnd Bandaríkjanna sé orðin mjög góður kostur því ansi mörg klifursvæði er að hafa og fer þeim sífellt fjölgandi. Hagkvæmt er því að fljúga aðeins til Baltimore og sleppa því að trylla yfir á vesturströndina. Eftir að Bjössi, Árni og Stebbi höfðu fengið leið á rigningunni sem óvænt skall yfir Red héldu þeir til Virginíufylkis að skoða svæði sem heitir New River Gorge og reyndist það hið ágætasta svæði en gallinn við það var að brattinn var minni en áður og urðu þeir heldur ruglaðir að þurfa allt í einu að fara að standa í lappirnar aftur. Fyrir þá sem einblína aðeins á hörku sportklifur eru önnur svæði líklega meira spennandi en aftur á móti er New(íð) paradís fyrir þá sem kjósa sér leiðir tryggðar með náttúrulegum tryggingum. Eftir þetta voru keyrðir nokkur þúsund kílómetrar sem leið lá til Boston til að ná flugvélinni heim. Þegar bílnum var skilað reyndist vera búið að keyra hann 15231 kíló-




Tinni í Tibet.

metra frá því að við tókum við honum og geri aðrir betur.

Þó að margir séu hissa á siendurteknu flakki klifrara frá Íslandi hingað og þangað um heiminn eru aðeins þeir sem slíkt stunda og lifa drauminn alveg vissir um sína geðheilsu því það er alveg öruggt að í ellinni mun ég skoða myndirnar frá ferðalögum sem þessum og hugsa „ja þetta gastu þó ræfillinn“.

Björn Baldursson og Árni Gunnar klifra upp Thin Ice 5. 10b í Needles.

Ljósmynd: Björn Baldursson





Aðalbúðir á Shisha Pangma í ca 5.000 m hæð.
Ljós m.: Ari Trausti Guðmundsson.

Eitt og annað um hvíta heiðafjall

eftir Ara Trausta
Guðmundsson

Forsaga

Í maí og júní 1996 tók ég þátt í leiðangri á fjallið Shisha Pangma í Tíbet. Það er 13. eða 14. hæsta fjall jarðar og sjást a.m.k. þrjár mismunandi hæðartölur þess í upplýsingaritum; allar á bilinu 8013 til 8048 metrar. Nafnið merkir „hvíta fjallið yfir heiðunum“. Það stendur í fjallgarði með nokkrum 6000-7000 metra tindum, alveg inni í Tíbet, næst norðan við Langtang Himal-hluta Himalaya-fjalla sem aftur eru á landamærum Nepals og Tíbets. Fjallið er nokkrum tugum kílómetra vestan við Cho Oyu og eru um 75 km í loftlínu frá Shisha Pangma yfir Cho Oyu til Everest-fjalls. Fyrir rúmum áratug stóð ég í samningastappi við kínversku fjallamenskusamtökin um leyfi fyrir alíslenskum leiðangri á fjallið; eftir leiðangur sem fyrirhugaður var á Kongur Tiube í Síngíang í Kína. Illa gekk að fjármagna þessi ævintýri en leiðangrarnir fóru endanlega í vaskinn þegar tindagjöldin „týndust“ í Beijing. Við vorum tvírukkaðir fyrir sömu upphæð og

enginn fyrir austan kannaðist við feitan bankatékka sem héðan fór á vegum Landsbankans. Ég gleymdi ekki fjallinu og hugaði að ferðum á það af og til.

Vinsælt fjall

Fjallið er formfallegt. Minnir allmikið á McKinley-fjall, breitt, hátt og mikið um sig með löngum tindahrygg sem á eru þrír hnúkar, sá hæsti í miðið. Fjallið er alls staðar bratt; mjög svo móti suðri og nokkrir meginskriðjökklar falla frá því, þar á meðal sá sem farið er meðfram, yfir og upp fyrsta hluta „normal-leiðarinnar“. Hana klifu fyrstir Kínverjar árið 1964 en fyrstu vestrænu fjallamennirnir fóru þar um 1980. Síðan þá hefur nokkrum leiðum verið bætt við, sumum frekar erfiðum, en um leið er fjallið orðið, með Cho Oyu og Broad Peak í Pakistan, einn mest sótti 8000 metra tindur veraldar. Má reikna með að 3-5 leiðangrar leggi í fjallið fyrir monsúntímann ár hvert og jafnmargir eftir monsúninn. Til er

ágæt bók um fjallið á ensku og nýja leið sem þeir fóru Doug Scott, sá merki fjallamaður, og Alex McIntyre, en hann lést fyrir nokkrum árum.

Þýskur leiðangur

Í ferðinni voru 22; auk áhafnar Sherpa frá Nepal og nokkurra Tíbeta. Í raun voru þetta fjórir leiðangurshópar. Minn hópur taldi 14 auk leiðangursstjórans; allir voru þeir Þjóðverjar nema ég. Þess utan var með okkur leiðangur þriggja Austurríkismanna, tveggja Svisslendinga og tveggja Baska. Allir notuðum við sömu farartæki, sömu Sherpa, sömu jakuxa, sömu grunnbúðir og sömu búðir á fjallinu en að öðru leyti störfuðu hóparnir sjálfstætt.

Af hverju?

Tildrög ferðarinnar voru þau að mér fannst kominn tími til að reyna við 8000 metra fjall eftir að hafa staðið mig þokkalega á erfiðum 7000 metra tindri í Pakistan, að frátalinni heiftarlegri magakveisu sem setti mig út af laginu í fimm dýrmæta daga. Reyndar vannst sá tindur (Istor-O-Nal) ekki en það var tímaleysi, breyttar aðstæður miðað við sjö ára gamla leiðarlýsingu og röng skipulagning sem leiddi til þess. M.a. fengum við leiðangursstjóra fyrir hópinn sem aldrei hafði komið á fjall utan Evrópu. Þá var reynsla mín af ferðaskipuleggjanda þýska alpasambandsins (DAV) orðin harla neikvæð eftir ferðina og ég ákvað að snúa mér næst að allt öðru fyrirtæki í Þýskalandi. Eina velheppnaða ferðin sem ég hef farið með DAV var á þrjá 6000 metra tinda í S-Ameríku. Reyndar hef ég fylgst vel með fjórum enskum skrifstofum sem skipuleggja „kommersiell“ leiðangra á 8000 metra fjöll og upphaflega komu þær vel til greina og gera það enn til framtíðar. Átta þúsund metra fjöllin hafa alltaf heillað mig. Shisha Pangma er góður byrjunartindur í þeim flokki. Hitt er svo annað mál að aldur milli 40 og 50 er ekki óskabyrjunaraldur á hæstu fjöllum en telst þó vera í góðu lagi séu menn vel á sig komnir.

Amical Alpin

Svo réði úrslitum á valinu á hinu þýska AMICAL ALPIN að fyrirtækið er lítið, afar vandvirkt og forstjórinn (annar tveggja eigenda), Ralf Dumovitsj, ætlaði að leiða þessa tilteknu ferð. Ralf er einn allra reyndasti háfjallamaður


Þjóðverja. Að auki gerir hann ávallt ráð fyrir að leigja Sherpa í Himalayaferðum til að bera byrðar á móti leiðangursmönnum alla leið. Það er sjaldgæft, nema þegar um Everest er að ræða, enda ferðir AA heldur dýrari en gengur og gerist. Ég greiddi 15.800 mörk fyrir ferðina frá Frankfurt, fram og tilbaka. Alengt verð á 6000-7000 metra tinda með fyrirtækjum í Englandi, Þýskalandi, Sviss og Frakklandi er 250-450.000 krónur ferðin en á 8000 metra fjöll 550-750.000 krónur, nema á Everest. Þá er verðið 2-2,5 milljónir króna.

12 styrktaraðilar

Margir styrktaraðilar komu að verkefninu eins og oftast þegar Íslendingar leggja í svona ferð; einir 12 að þessu sinni. Dyr þátttaka, smá fyrirtæki og lítið styrkjasvigrúm hafa ávallt gert fjármögnun dýrra leiðangra erfiða á Íslandi. Mörg fyrirtæki og stofnanir vilja gjarnan styrkja ævintýraferðir eða rannsóknarferðir en styrktarupphæðir eru oftast af stærðargráðunni 5-10% miðað við heildarkostnað. Hér vantar tengingu við íþróttaheiminn þannig að styrkir og þó einkum umsóknir í styrktarsjóði geti ýtt undir fjallamennsku og landkönnun erlendis. Fjallamennska og klifur er íþrótt á við það vinsælasta eða áhugaverðasta meðal annarra íþróttar. Hún er vel til þess fallin að glæða almennan áhuga á almenningsíþróttum og hluti hennar er þegar orðin keppnisíþrótt. MAX sá um fatnað minn í leiðangrinum á Shisha Pangma. Hann stóðst fyllilega þá bestu erlendu framleiðslu sem ég hef áður reynt; og er það sagt hér til að minna á að nú orðið geta íslenskir fjallamenn hiklaust litið á innlenda vöru til erfiðra ferða. Sokkar frá Glófa á Akureyri fá sömu einkunn. Skóbúnaður flestra voru svonefndir „one-piece“-skór: ítalskir Everest One Sport; eins konar sambland af plastskó, moonboots og legghlífum. Reyndist þetta skótau mjög vel. Ríflega helmingur leiðangursmanna notaði skiði í hluta ferðarinnar (í Búðir 2). Ég var ekki þeirra á meðal.

Aftur tilraunadýr

Ég hef einu sinni, í nokkuð langri ferð, gengið með merka mælitölvu sem enn eitt íslenskt fyrirtæki, Hugrún, hefur hannað. Það tekur hjartalínurit í 5-8 daga í senn, mælir húðhita, útihita, kjarnahita, birtu og (að þessu



sinni) loftþrýsting. Áður en ég fór vann ég með Jóhanni Axelssyni prófessor og samstarfsmönnum hans á Lifeðlisfræðistofnun Háskólans að kulda- og þolprófunum í beinu framhaldi af mæliseríunni sem ég kom með úr Norðurpólsferð 1995. Tækið bar ég tvisvar sinnum 6 daga í Tibetferðinni (reyndar annar maður en ég í þrjá daga) en ekki hefur enn unnist tími til að vinna úr þeim athugunum. Tilgangurinn er sá að fylgjast með viðbrögðum líkamans við kulda, streitu og minnkandi hlutþrýsting sùrefnis í andrúmsloftinu. Í um 8000 m er hann aðeins um 40% af því sem er eðlilegt við sjávarmál og sùrefni sem líkamnum berst tilsvareandi minna. Um leið er verið að kanna virkni fatnaðar sem skjól fyrir kulda og trekki. Í leiðangrinum okkar urðu tveir hæðarveikir, annar, klifurfélagi minn, allalvarlega og hættu báðir þátttöku; annar í 5000 m, hinn í 6000 m.

Tekur í hnjúkana

Reynslan segir að 2 vikur þurfi til að aðlagast sig aðstæðum fyrir ferð á 6000 m, þrjár vikur á 7000 m fjall og fjórar á 8000 metra fjall. Þessar fjórar vikur notuðum við til að ferðast æ hærra og ganga (tvisvar heila daga) upp í 4000-5000 m, m.a. á nokkuð bratt fjall. Svo þurfti tvo daga til hvíldar í búðum í 5000 m og aðra tvo til að ganga upp í 5800 m en þar voru grunnbúðir. Sú hæð verður að teljast of mikil undir grunnbúðir en menn láta sig samt hafa það til þess að sleppa við að hafa búðirnar nærri 40 km fjarri rótum fjallsins. Í svona mikilli hæð getur líkaminn ekki endurhæfst. Fyrstu tvær vikurnar í grunnbúðunum og við uppbyggingu fyrstu tveggja búðanna lék veður við okkur þó svo að mér þætti oft of hlýtt. Mér fannst ég fremur hægfara og átakalítill en held að margir hinna hafi aftur sperrt sig um of á köflum. Leiðin í búðir 2 var fremur auðveld en sprungin og er Shisha Pangma að því leyti erfiðara en t.d. Cho Oyu að erfiðleikarnir aukast með hæðinni og lokakaflinn er býsna alvarlegt leikstykki. Þegar á þurfti að halda, í eina viku eða svo, undir lok leiðangurstímans gerði eitt af þeim veðrum sem fræg urðu í fréttum af Everest en þar létust samtals 11 menn í maí og byrjun júní. Ég snéri við í rétt um 7000 metrunum og slapp við mesta hvelldinn sem hélt þeim er lengst húktu, föngnum í 5 daga í búðum 1 og 2. Þessi síðasta ferð mín á fjallið varð mér auðveldari en sú í miðrið. Þá

var ég hægfara og þreyttur og lenti einsamall í síversnandi veðri með mest af mikilvægum búnaði ofan við mig í búðum 2. Þar kom talstöð í góðar þarfir og tókst mér að fá aðstoð við byrðarnar síðasta klukkutímann í hálf-rökkri, kulda og trekki. Búðir 3 tókst aldrei að reisa, aðeins að koma þangað tjöldum, en undir lok óveðurskaflans komst fararstjórinn með þremur Sherpum á lægsta tind fjallsins. Nokkru áður hafði einn þátttakendanna, sextugur fjallagarpur sem kleif Cho Oyu í mánuðinum á undan, klifið fjallið en alls komust fjórir aðrir úr öðrum leiðöngnum á hátindinn meðan við nýttum okkar grunnbúðir. Tveir Þjóðverjar og tveir Svisslendingar náðu upp meðan á góðviðriskaflanum stóð og eftir óveðrið, enda komu þeir 1-2 vikum á undan okkur að fjallinu og nýttu grunnbúðir í 5300 metrum. Á undan okkur fórst einn Slóveni og meðal þess sem Ralf Dumovitsj hafði tekið að sér var að ljósmynda lík tveggja Þjóðverja sem létust í búðum 3 árið 1994. Tjald þeirra fannst þó ekki.

Of naumur tími

Þegar á leið kom einn helsti galli svona „kommersiell“ leiðangra í ljós. Þeir eru skipulagðir með lágmarkstíma í huga og með geirnegldum komu- og brottfaradögum. Ekkert svigrúm er til nýrrar atlögu eða breyttrar áætlunar. Reyndar hafði ég lést um 10 kg eftir ferðirnar þrjár áleiðis á tindinn og raunar ekki víst að nema fáeinir leiðangursmanna hefðu haft þrek til annarrar tilraunar. Á móti kemur að menn gefa allt sem þeir eiga vitandi að aðeins eitt tækifæri gefst. Þá má einnig staðhæfa að hæð grunnbúðanna leiðir til þess að menn ná ekki að byggja sig upp þar, eins og áður var minnst á. En hvað sem öllu líður, fékkst dýrmæt reynsla í ferðinni. Einnig má segja um leiðangurinn að menn stóðu sig almennt vel, Sherparnir voru dýrindi, leiðangursstjórinn mjög traustur, engin umtalsverð mistök voru gerð og engin áföll urðu, utan kal á tveimur fingrum eins leiðangursmanna. Í þetta sinn hafði náttúran betur eins og svo oft áður. Samkvæmt tölfræði heppnast um 60% leiðangra á Shisha Pangma, miðað við að tveir eða fleiri úr leiðangri nái alla leið.

Ýmsir lærdómar

Aðeins er rúm til að minnast á nokkur atriði sem læra má af ferðinni. Háu fjöllin hafa hvert



Jakuxarnir hlaðnir á leið í aðalbúðir. Shisa Pangma 8048 m í baksýn.

Ljós.: Ari Trausti Guðmundsson

sinn „karakter“. Aðkoma, stígandi, leiðir, veðurfar, hættur o.s.frv.; hvergi eru þessi atriði allveg eins, og oftast mjög frábrugðin innbyrðis og í heild. Menn verða að skoða og kanna tindinn sem þeir vilja klífa mjög vel, m.a. af rituðu máli. Almenn reynsla úr hæð yfir 5000 m er afar mikilvæg. Matarlyst og smekkur breytist með hæðinni. Viðbrögð manna við áreiti eða hættum verða önnur en þau eru í lítilli hæð. Mikilvægt er að „hlusta vel á líkamann“ bæði hvað neyslu snertir og áreynslu. Menn mega ekki ofbjóða sér nema mikið liggi við og spara orku af skynsemi, einkum er á liður. Góð líkamspjálfun er grunnatriði og gott úthald líka. Hið fyrra varðar líkamsstyrk sem menn öðlast með átakapjálfun (t.d. á vel birgri líkamsræktarstöð) og er mikilvægari því meira sem gengur á líkamspunga (vöðva og fituvef). Hið síðara atriði varðar getu til að vinna í 8-12 klst. í leiðinni, þar á meðal við burð á 10-20 kg. Úthald fæst best með fjallgöngum, í göngu- eða fjallaskiðaferðum og með hjólræiðum. Andlega þáttinn er erfiðara að hafa áhrif á til bóta; menn eru misjafnir til geðs eins og

gengur en yfirvegum, þrautseigja og ró gagnvart öðrum leiðangursmönnum eru nokkur lykilatriði. Þar kemur endurtekin reynsla til góða. Svo má minna á að hæfni til hæðaraðlögunar er meira meðfædd en hitt. Það renna allir blint í sjóinn þar til þeir hafa reynt stigvaxandi hæð í ferðum sínum. Einmitt þess vegna er brýnt að taka ekki risaskref úr lágum fjöllum Íslands eða Alpanna yfir í 6500-8500 m. Slíkt heppnast vel ef til vill í einu af hverjum 10 tilvikum.

Uppskafning?

Fyrir fáeinum árum lýsti ég skoðunum mínum sem svo að ég teldi marga íslenska fjallamenn of kalda gagnvart háfjöllunum. Sjálfur met ég hugmyndir mínar um leiðangra til Kína á árunum 1983-1985 hafa verið hættulega rangar. Auðvitað er hér þó aðallega um tilfinningu að ræða, byggða á viðtölum við menn, hlustun á frásagnir og mat á sorglegum atburðum jafnt sem á árangri okkar í heild. Hvorki er þessum skoðunum beint gegn tilteknum einstaklingum né fram settar af föður-



Búðir 2 í 6.500 m hæð. Ljósma.: Ari Trausti Guðmundsson.

legum belgingi eða hroka. Því miður forfallað-ist ég á fundi ÍSALP þar sem átti að ræða þessi mál en hef margoft heyrt utan að mér nöldur ónafngreindra félaga um að þarna fari einungis yfirdrepsskapur minn eða bull sem geri lítið úr öðrum. Svo sannarlega eiga fjallamenn að vera vaxnir upp úr þeirri uppskafningu sem fram kemur þegar svona varkárur lærdómur er varpað fram en þeim mætt með fussi eða þá háði. Fjallamennska þróast að hluta með því að menn líta um öxl og horfa raunsætt á góða og vonða reynslu allra þeirra sem reyna eitthvað frábrugðið því venjulegasta heima fyrir. Og aldrei má taka þá almennu lærdóma sem persónulega gagnrýni eða vantraust, hversu alvarlegar afleiðingarnar eru sem hlotist hafa af slysum, mistökum, óviðráðanlegum atburðum í náttúrunni eða jafnvel af hárréttum ákvörðunum! Kjarni allrar fjallamennsku er m.a. að þroskast af náttúrunni jafnt sem félögum sínum. Of stór skref í einu í háfjöllunum taka toll þótt oftar en ekki hafi menn sloppið með skrekkinn. Ég nefni þetta hér til þess að fá alla sem lesa þessa grein til þess að taka henni sem jákvæðu innleggi.

Að lokum

Háfjallamennska er mjög frábrugðin fjallamennsku í íslenskum hæðum og við erum rétt að stíga fyrstu skrefin á þaki fjallanna. Aðalatriðin sem ég hef klifað á við ýmis tækifæri eru þessi: Íslenskir fjallamenn þurfa að fara sérstaklega varlega í að yfirfæra kunnáttu sína héðan yfir á háfjöllin og þeim ber að „vinna sig upp“ hæðarskalann í stökkum sem hæfa hverjum og einum þeirra. Séu þau mörg er sú „taktík“ oftast betri en mjög fáir áfangar. Tilbúnar ferðir („kommersiél“ leiðangrar) eru stundum betur fallnar í fámenni okkar en alíslenskir leiðangrar eru auðvitað æskilegir líka. Reynsla úr öðrum löndum sýnir að 5-10% fjallamanna leggja stund á háfjallamennsku; segjum yfir 6500 m. Sameiginleg reynsla þess hóps í áratugi myndar grunn sem hver ný kynslóð nýtir sér. Það fælist auðvitað engan frá því að reyna sjálfan sig við æ erfiðari aðstæður. Í þessari fjallamennsku liggur líka snertur af samkeppni sem þarf að skoða opið og láta verka sem hvata. Og í háfjallamennsku er einnig rúm fyrir samvinnu sem ætti að vera því meiri þeim mun smærri sem fjallamanna-hópurinn er.



Glacier Garcia.

Patagónía

Patagon = stórfætlingur

eftir Sigríði Rögnu Sverrisdóttur

Sigga Ragna tók þátt í 15 mánaða löngum leiðangri með 64 ára gamla seglkútternum Dagmar Aaen. Þau sigldu um það bil 30 000 sjómílar í þrem höfum, úr Ameríku alsnægtanna, um sólríkar suðurhafseyjar og ísilagða firði fyrirheitna landsins til Evrópu. Þetta er saga af ferð í landinu sem hún fann.

Það er ekki erfitt að trúa því að Patagónía sé í raun risaland. Manni finnst maður vera í röngum mælikvarða þegar maður stendur frammi fyrir náttúru sem slíkri. Mig bar þar að seglum þöndum úr suðurhöfum og var ætlinin að kljást við aðra stærstu ísbreiðu heims, að frátöldum heimskautasvæðunum. Það var marglitur hópur sem þarna var á ferð. Þjóðverjarnir: Arved sem var leiðangurstjóri, kafarinn Morgan, kokkurinn Thomas, afleys-

ingaskipperinn Martin, gesturinn Günter, kvikmyndatökumaðurinn Frank, líffræðingurinn Jörg og ljósmyndarinn Till, Svisslendingurinn: Kai þúsundþjalsmiður, Alaskabúinn Roger sem réri kajaknum sínum langleiðina yfir Beringsund, Chilebúinn og læknirinn Pablo og svo fulltrúi norður-Atlantshafspjóða: ég sjálf. Takmark leiðangursins var að ganga yfir Hielo Patagonico Sur (HPS) endilangan, frá norðri til suðurs auk þess að klífa nokkur

óklifin fjöll í jöklinum. Leiðangurinn hét jú í heild sinni SEA, ICE & MOUNTAINS. Í viðkomu sem við áttum í Valparaiso (stærstu hafnarborg Chile), höfðum við fyllt skipið af vistum, búnaði og viðbótarmannskap. Það var september og komið undir vor á suðurhveli. Við höfðum allar tiltækar upplýsingar, Arved hafði lengi safnað gömlum bókum sem fjalla um svæðið, Pablo hafði fengið loftmyndir hjá chileanska hernum og Günter hafði orðið okkur úti um gervitunglamynd af svæðinu. Auk þess höfðu Pablo áskotnast myndir sem áttu að geta verið af þeim hluta jökulsins sem við höfðum mestar áhyggjur af. Þær myndir minntu mig þó óneitanlega frekar á myndir af óútskýranlegum fljúgandi hlutum. Það var fyrst í Valparaiso sem ég hitti Pablo, félaga minn í þessum leiðangri á jökul. Liðin skiptust þannig að Arved, Roger og Till mynduðu aðalliðið sem skyldi stíga á jökul við Jorge Montt skriðjökulinn sem er nyrsti hluti HPS, en við hin sigldum áfram til Peel - fjarðar þar sem ég og Pablo skyldum leita upp-gönguleiða á jökulinn í lægð í honum sem við kölluðum col.1300, þar sem jökullinn fellur bratt niður frá norðri og suðri og myndar mikinn skriðjökul, Glacier Garcia sem fellur í sjó fram til vesturs. Við vissum öll að þetta væri mjög erfitt svæði yfirferðar, það var það sem komið hafði í veg fyrir að þeir fáu leiðangrar sem þetta höfðu reynt, næðu takmarki sínu. Þeir sem hvað lengst höfðu komist var hópur Spánverja sem leysti vandamálið með því að fá þyrlu til að fljúga með sig yfir col 1300 og yfir á sléttuna sunnan megin við lægðina.

Þegar við höfðum loks, eftir fangbrögð við ísjaka í mjóum firðinum, komist inn sáum við fyrst með berum augum þar sem Garcia-skriðjökullinn fellur beint í sjó fram. Sífellt féllu stór ísstykki úr stálinu niður í sjóinn með öldugangi sem dugði til að velgja okkur við-sigldum, á ofhlöðnum gúmmibátnum, undir uggum. En skyndilega sátum við frammi fyrir því sem við höfðum rýnt í á loftmyndunum undanfarnar vikur og okkur varð full ljóst að lænan sem við höfðum gert okkur vonir um að komast upp, við hlið jökulsins, var þverhníptur klettaveggur sem jökullinn hefði stöðugt. Nú voru góð ráð dýr. Við ákváðum að fara á land með allan okkar búnað og kanna aðstæður, það hlyti að vera hægt að finna leið. Við höfðum talstöðvasamband

bæði við skipið og við hinn hópinn sem nú var kominn vel inn á jökulinn og sóttist ágætlega. Eftir að við höfðum tjaldað og kannað birgðirnar og búnaðinn, fórum við að litast um og bera raunveruleikann saman við loftmyndirnar. Aðeins til vesturs féll annar skriðjökull, minni og ekki eins brattur, með litlu jökullóni og í eitt augnablik fannst mér ég vera komin heim og horfa inn á Gígjökulinn. Það varð svo raunin að við þveruðum þessa jökultungu sem Pablo nefndi: Glacier Margarita, eftir mömmu sinni, eins og sonnum „latínó“ ber. Við vorum með vistir til 16 daga og allan búnað auk ýmissa varahluta sem strákarnir höfðu pantað yfir talstöðina. Þegar yfir „Margarita“ kom tók við risavaxinn skógur en eftir því sem ofar dró lækkaði hann og varð að kjarri sem var svo þétt að það var eins og að ganga á gúmmivegg að reyna að berjast í gegnum það. Þetta var í talsverðum bratta og mikil bleyta í botngróðrinum svo að við sáum okkur þann kostinn vænstan að spenna á okkur broddana og taka farangurinn í tveim hollum. Skíðin virtust gera allt sem þau gátu til að krækja sér í greinar trjáanna fyrir ofan okkur og það var með miklum létti sem við settum niður tjaldið, eftir að hafa troðið stall í snjóinn, rétt ofan við snjólinuna. Ég hljóp til og rúllaði út löngu vírloftnetinu fyrir SSB-talstöðina, rétt í tæka tíð fyrir kalltímann. „Delta India Xray Xray mobile I“ Við vorum upp með okkur, við sáum fram á að ná upp á jökulinn næsta dag, og þar gat að líta fallega tinda. Við voru þó rifin út úr þessum draumaheimi þá um nóttina þegar við vöknudum við það að það var farið að blása hressilega og það kyn-gdi niður snjó. Pablo sem þá hélt ennþá í séntilmannataktana, hristi sig og sagðist vera farinn út að moka snjó. Þessa nótt brotnaði fyrsta súlan í tjaldinu. Þegar dagur rann hafði veðrinu síður en svo slotað. Við vorum svo sem hvíldinni fegin. Eftir tvo heila daga í þessu veðri, með prímusinn stíflaðan eftir chileanska bílabensínið sem óvart hafði lent í einni flöskunni, ákváðum við að pakka saman, grafa búnaðinn vel merktan í fönn og fara niður og sækja meiri vistir og meira af „góða“ bensíninu. Daginn eftir hafði vindinn lægt til muna og við fundum búnaðinn strax aftur og höldum áfram upp. Okkur sóttist seint í djúpu nýsnævinu svo það var ekki fyrr en næsta dag sem við náðum upp á jökulinn. Við áttum þó enn langa leið fyrir höndum að staðnum þar



Í blíðunni kvöldið fyrir storminn.

sem jökullinn fellur niður í col 1300, en nú lék veðrið við okkur, sól skein í heiði og útsýnið var svo gott að mér fannst ég sjá fjöll svo langt sem augað eygði. En það var þetta með sólina og ósónlagið. Það var ekki fyrr en seint þetta kvöld, þegar við höfðum komið okkur vel fyrir, með skjólveggi fyrir öllum vindáttum að við gerðum okkur grein fyrir því að við vorum bæði skaðbrunnin í framan. Þrátt fyrir að vera ýmsu vön eftir veru 5 mánuði í suðurhöfum og mikla notkun á besta sólaráburði hafði húðin ekki getað varið sig gegn útfjólubláu geislum sólarinnar sem þarna virðast ekki vera eins vel sigtaðir eins og heima á norðurhveli. Þegar við vöknuðum morguninn eftir voru andlit okkar þakin blöðrum sem vessaði úr, varirnar voru eitt sár og að auki hafði andlitið á mér þrútnað svo að ég náði varla að opna augun, svo þung voru augnlokin, full af vökva. En úti var restin af góða veðrinu frá því daginn áður. Við sáum vindskafin netjuský og vissum hvað þau þýddu, þau myndu bera með sér næsta óveður. Við ákváðum því að drífa okkur út og nota góða veðrið. Við vorum líka spennt að sjá hvað biði okkar þeg-

ar við litum yfir col 1300, hversu mikið við myndum geta séð og hverjir möguleikar okkar á því að finna leið þarna niður og upp hinu megin væru. Við tókum hnitin á tjaldinu og héldum af stað í átt að geysifallegu fjalli sem við höfðum kvöldið áður ákveðið að fara á fyrst. Við skildum skiðin eftir við rætur þess, settum á okkur broddana og trítluðum af stað. Þetta voru brattar hjarnbrekkur upp að öxl í fjallinu og þaðan tók við svotil lóðrétt brölt í svona vindsköfnu slabbhjarni. Þetta var ekki langt og ég göslaðist á toppinn, lét karlmennskuhjalið í félaga mínum sem vind um eyru þjóta og nefndi fjallið sem ég hafði komið svo langt að til að klífa, „Monte Dagmar Aaen“ eftir gamla norðursjávarkútternum sem borið hafði mig um vítt haf og að strönd þessa stóra lands. Þegar við fórum að líta í kring um okkur sáum við að skýin voru að hrannast upp á ógnarhraða og skyggni var farið að versna. Við hugsuðum vel til GPS-tækisins og hnitanna af tjaldstæðinu okkar. Þar sem kort eru svotil engin af þessu svæði var það eina leið okkar til að finna tjaldið aftur. Við rétt náðum í tjaldið áður en veðrið gekk upp. Við

burstuðum af okkur snjóinn og skriðum inn í tjaldið drukkum te og sögðum sögur fram að hlustunartíma. Strákunum hafði miðað vel daginn áður og höfðu getað siglt á vindhífunum talsverða vegalengd fyrri part dagsins. En eins og við höfðu þeir neyðst til að stoppa snemma til að koma tjaldinu vel niður áður en veðrið versnaði enn frekar. En stemmingin var góð, menn dunduðu sér við að útbúa sólargrímur fyrir næsta góðviðrakafla sem við vorum sannfærð um að kæmi bráðlega. Um borð gekk líka allt vel. Næsta dag hafði veðrinu litið slotað en við vorum full orku og bjartsýni og ákváðum að drífa okkur út og skoða fjallið sem við höfðum tjaldað við fótinn á. Skyggni var ekkert og kófið mikið, auk þess sem skíðagleraugun þrýstust stöðugt inni bólgið andlitið. En við tókum GPS-tækið með og ætluðum að ganga einfaldlega upp í mót þar til við kæmum á toppinn. Við vorum komin upp í miðjar hliðar fjallsins þegar við settum okkur í línuna. Við gerðum okkur vel grein fyrir því að hér mátti ekkert koma fyrir. Á þessu svæði er nánast vonlaust að fá aðstoð, og raunar ógerningur í slæmu veðri auk þess hve einn maður má sín litils við björgun félaga síns. Ég snéri mér við og sagði við Pablo „hvað á ég mikla línu eftir?“ „-svona upp að steininum þarna.“ Ég skreið upp á brúnina, á móti ósviknum „andvara“ svæðisins. Við hjuggum út snjópolla og sigum niður. Fylgdum sporunum okkar aftur niður í tjald og eftir að hafa mokað vel frá tjaldinu og afísað talstöðvarloftnetið var litið annað að gera en að leggjast aftur á meltuna inn í tjald. Dagurinn leið og það var einhvern tíma seinni partinn sem Pablo spurði mig hvort að ég heyrði líka söng. Ég lagði við hlustir og var ekki frá því að ég heyrði söng. Þarna sem við sátum og töldum hvort öðru trú að við heyrðum svissneskt fjallajóðl, varð okkur hugsað til tveggja manna leiðangurs sem við höfðum haft spurnir af að ætlaði á jökul um svipað leyti og við. Ég rauk út til að moka snjó í pott svo að við gætum boðið gestunum te, en það var sama hvað ég rýndi út í veðrið, galaði og kallaði, það var engan að sjá né heyra. Þarna voru vættirnar bara aðeins að spila með okkur. Næsta dag fýsti okkur ekki heldur að sitja og biða en ákváðum að taka okkur upp og færa búðirnar nær col 1300. Við fylgdum hliðum fjallanna til að finna leið, þar sem eina kortið sem til var af svæðinu sýndi sléttur þar

sem við fundum fjöll og öfugt. Einna best reyndust loftmyndirnar þar sem við gátum rakið okkur áfram eftir fjöllum. Þegar við komum þar fram á sem jöklinum fer að halla niður í átt að col 1300, fundum við okkur skjól í skál framan við klettadrang sem skaraði tignarlegur uppúr jöklinum. Við grófum okkur einskonar helli til að setja tjaldið upp í og á meðan við mokuðum létti kófinu talsvert og við ákváðum að fara á dranginn. Við gengum í kringum dranginn til að finna leið þar sem var sæmilegur ís. Þegar við höfðum bæði klöngrast upp á toppinn, sem ekki rúmaði mikið meira en okkur tvö, fengum við í fyrsta sinn útsýni yfir aðalviðfangsefnið, col 1300. Eins og okkur hafði grunað reyndist landslagið þar eins stórskorið og við Garcia skriðjökulinn. En það var farið að líða undir hlustunartíma svo að við drifum okkur niður og hann kom tjaldinu upp á meðan ég rúllaði út loftnetinu og kallaði „Delta India Xray Xray mobile II - do you read me?“ Strákunum hafði miðað vel og við gáfum þeim upp hnitin á okkar staðsetningu og þeir sögðust ekki eiga nema svona tvær dagleiðir eftir til okkar, ef veðrið héldist. Martin sagði okkur að hæðin, sem nú hafði tekið völdin af lægðinni, virtist tiltölulega stöðug, þannig að við vonuðumst til að hittast fljótlega. Við Pablo höfðum ákveðið að segja strákunum, sem stöðugt spurðu um útlitið fyrir col 1300, ekki frá því sem við höfðum séð fyrir en við hefðum haft tækifæri til að skoða það nánar. Við vorum nú búin að vera lengur á jökli en við höfðum reiknað með og ljóst var að ekki var einfalt að skreppa niður til að sækja meiri vistir, þannig að við spöruðum við okkur mat eins og hægt var og borðuðum um það bil helminginn af dagskammtinum sem í heild sinni var um 4200 hitaeiningar á dag og samanstóð af frostþurrkuðum mat, musli, „pemmikan“- sem er svipað og ofurfeit kæfa, BP-5 neyðarkexi og orkustöngum (Powerbar). Við höfðum öll komist að því samkomulagi að við myndum biða eftir strákunum sem sögðust eiga nægar aukavistir, og síðan myndum við skoða framhaldið í sameiningu. Næsta dag gengum við á þrjú fjöll í nágrenninu við stórkostlegt útsýni. Og saum enn betur við hvað yrði að etja að komast niður í col 1300 og upp aftur hinu megin. Við saum leið sem við töldum færa, þó ekki vanda- eða hættulausa. Við rétt náðum í síðasta talstöðvartímann og fengum þær



Tveir af toppunum sjö, lengst til vinstri sést í fallið sem við fórum niður.

fréttir frá strákunum að þeir myndu vera komnir til okkar snemma næsta dag. Martin sagði að veðurspáin lofaði góðu og því ákváðum við að taka okkur pásu næsta dag til að hvílast og bíða eftir félögum okkar. Um hádegisleytið varð mér svo litið út á sléttuna og sá þrjá litla punkta nálgast. Það var mjög sérstök tilfinning að fallast í faðma við félagana, öll svitastorkin og sólbrennd, stefnumót í miðri þessari óbliðu en þó stórfenglegu náttúru. Á 50°20,09 S og 073°30,70 W, hittust tveir hópar fólks til að vinna að sameiginlegu markmiði, í því tómi sem þetta svæði í raun er, svo sneytt lífi en þó gætt svo miklum persónuleika að það sest að í sálinni og leyfir manni ekki að gleyma sér.

Eftir að hafa fagnað endurfundunum með óhóflegu neyðarkexáti og tedrykkju, ræddum við framhaldið. Pablo og ég lögðum spilin á borðið og sögðum eins og var að okkur litist ekki vel á framhaldið en að það yrði væntanlega ekki mikið erfiðara en að fara til baka og sömu leið niður og við höfðum komið upp. Ekkert okkar langaði til að fara til baka svo að við ákváðum að freista gæfunnar og leggja í ann snemma næsta morgun, áður en snjóbráð yrði of mikil. Strákarnir voru með stórar púlkur sem þeir drógu á eftir sér en við höfðum minni sleða, stórar barnasnjópotur.

Við skriðum því snemma í pokana þetta kvöld, full eftirvæntingar. Næsta morgun vöknudum við snemma og fundum strax fyrir veðrinu. Loftvogin hafði fallið verulega um nóttina og veðrið var orðið sóttvitlaust. Það var því ekkert til ráða en að bíða og vona að lægðin gengi hratt yfir og að við kæmumst sem fyrst af stað. En veðrinu virtist ekkert ætla að slota. Hitastigið hljóp frá því að vera rétt um og yfir frostmarki yfir hádaginn en fór niður í um 15 stiga frost á nóttunni. Hvert einasta snjókorn sem komst inn í tjaldið bráðnaði og smám saman varð allt verulega blautt, þannig að þegar maður hafði klætt sig og var kominn út þá frusu blaut utanyfirfötin samstundis. Einangrunardýrnarnar sem okkur höfðu verið sendar reyndust gallaðar, þannig að í stað þess að vatnið perlaði á þeim, söguðu þær það í sig, þannig að þegar maður settist á þær var það eins og að setjast á blautan svamp. Svona liðu níu dagar. Tjaldið okkar Pablo, sem þá þegar var orðið lélegt féll endanlega saman, þannig að við fluttum inn á strákana sem tóku okkur opnum örmum þrátt fyrir að mjög þröngt væri um okkur fimm í þó rúmgóðu þriggja manna tjaldinu. Á nóttunni sváfum við með höfuð og fætur á víxl og með því að liggja þétt saman gátu allir lagst niður í einu. Þessir löngu óveðrakaflar höfðu nú tekið talsverðan tíma frá okkur og þar sem við



Dagmar Aaen framan við Glacier Jorge Montt. Ljósma.: Sigga Ragna.

sáum fram á að þurfa að sækja meiri vistir niður í skip til að geta haldið áfram og leita leiða til að komast áfram suður, auk þess sem



við gerðum okkur nú enn betur grein fyrir því hvað það gæti tekið langan tíma ef við aftur lentum í óveðrakafla eins og þessum. Við höfðum samband við Martin og félagar okkar um borð í Dagmar Aaen og létum vita að við værum veðurteppt en að við gerðum ráð fyrir að komast niður á 2 til 3 dögum, þegar veðrinu slotaði. Á tíunda degi létti veðrinu aðeins og við lögðum af stað niður. Leiðin var erfið og jökullinn settur stórum, djúpum sprungum sökum þess hve hann fellur þarna bratt niður. Í einni hádegispásunni valt ein púlkan ofan í sprungu og við vorum fram í myrkur að ná þeim 90 kg uppúr þessari ca. 50 metra djúpu sprungu. Þetta tafði okkur enn frekar og þar sem við höfðum ekkert talstöðvasamband haft síðan síðasti stormurinn hófst voru félagar okkar um borð að vonum orðnir áhyggjufullir. Við þræddum slóð okkar áfram inn á milli séraka sem voru á stærð við hús og sprunga eins og þeirrar sem við höfðum stuttlega heimsótt, þar til við komum niður í col. 1300. Þáðan lá leiðin yfir stórbrotinn skriðjökulinn þangað sem við svo aftur höfðum fast land undir fótum. Það var fyrsta desember.

Á skíðum skemmti ég mér. Ljósma.: Pablo.



Norðurveggirnir þrír: Skessuhorn, Skarðshorn og Heiðarhorn. Ljós m.: Hallgrímur Magnússon.

Norðurveggirnir þrír

eftir Pál Sveinsson

Ég var að gera upp línuna í þriðja sinn á einum degi. Þetta var búinn að vera langur dagur. Við Helgi vorum búnir að vera á ferðinni allan daginn og þreytan var farin að segja til sín. Ég var samt ekki eins þreyttur og þegar ég stóð hér í fyrsta sinn fyrir átta árum. Þegar ég kleif norðurvegg Skessuhorns fyrst 3. mars 1985 grunaði mig ekki að ég ætti eftir að fara alla veggina þrjá á styttri tíma en fyrsta uppferðin mín tók.

Ég klifraði í fyrsta sinn í Skarðsheiði í Alpaklúbbsferð. Ég var í skóla og í lélegri þjálfun og átti í erfiðleikum með að halda í við hópinn á leiðinni upp að Skessuhorni. Ég þekkti fáa og fannst allir vera miklu betri en ég. Þegar göngunni lauk og liðið fór að velja sér klifurleiðir, fóru flestir undir norðurvegginn. Þar sem við Broddi Magnússon vissum ekki betur þá héldum við að þetta væri venjulega klifurleiðin upp Skessuhornið. Reynslan sem við höfðum fyrir þessa ferð var ekki mikil og útþunaðinn mundi ekki nokkur maður vilja í dag jafnvel þó hann væri gefins. Við komumst þó upp vegginn en það var frekar af vilja en getu. Það var ekki fyrir en mörgum árum síðar sem

ég frétti að þessi leið hafði aldrei verið klifin áður. Þessi dagur er einn af stóru tindunum og er hann greypur í minninguna.

Sú hugmynd hafði kviknað smám saman að reyna að klífa alla þrjá norðurveggi Skarðsheiðar á einum degi. Hún kom ekki á einum degi, heldur þróaðist með tímanum. Við Helgi þekktum orðið alla þrjá veggina mjög vel, búnir að klífa þá flesta margoft. Helgi hafði meðal annars klifrað tvo veggja á einum degi með Hallgrími Magnússyni veturinn áður.

Laugardagur 27. mars 1993.

Við lögðum af stað frá Reykjavík upp úr sjó um morguninn. Við höfðum til umráða háhælaðan jeppa sem skilaði okkur upp að Heiðarhorni á rúmum tveim tímum, en þaðan sem við stoppuðum var klukkutíma gangur í klifur. Aðstæður voru frekar góðar, nægur ís í öllum leiðum og veðrið ágætt.

Við byrjuðum á Jónsgili í Heiðarhorni. Klukkutíma og þrjú kortér tók að klífa leiðina. Síðan Dreira í Skarðshorni; klukkutími og þrjátíu og fimm mínútur og enduðum á Eystrigróf í Skessuhorni; klukkutími og tuttugu mín-

útur. Allt ferðalagið tók þrettán og hálfan tíma frá Reykjavík og til baka.

Það gekk frekar hægt með fyrstu leiðina. Jónsgil í Heiðarhorni er með lengstu leiðunum í Skarðsheiði. Síðustu tvær spennirnar bjóða upp á mörg afbrigði en það er fljótlegast að fylgja upprunalegu leiðinni hans Jóns. Við leiddum tvisvar hvor í þessari leið, notuðum mikið hlaupandi tryggingar. Nokkur brött og skemmtileg íshöft eru í fyrri hlutanum en skemmtilegust er þó síðasta spönnin. Í henni er oftast litill ís og gjarnan hengja í lokin. Klukkan var orðin eitt þegar við vorum komnir aftur niður. Við höfðum lent í því að villast vegna þoku, eins og oft áður og Helgi hafði brotið einn hælbrodd af. Við vorum orðnir vonlitlir um að við næðum veggjunum þremur á einum degi.

Jeppinn sparaði okkur sporin yfir að Skarðshorni og næstur var Dreiri, erfiðasta leiðin af þremur. Hana fórum við í þremur hlutum. Fyrst eina spönn sem var sú erfiðasta þann daginn og síðan aðra mjög langa en léttu upp að lokakaflanum. Síðasta spönnin er

eitt sérkennilegasta og flottasta klifur sem ég þekki. Það má enginn missa af þessum hluta. Fylgja verður bláhorninu til að fá sem skemmtilegast klifur.


Ekki var stoppað á toppnum frekar en áður og nú var bara einn veggur eftir. Við gengum frá Skarðshorni yfir að Skessuhorni. Nú vorum við farnir að þreytast og ég óskaði þess að hitabrusinn væri aðeins stærri. Við þekktum Norðurvegginn á Skessuhorni best og völdum að fara Eystrigróf, leið sem við vissum að væri fljótlegust. Hana fórum við í tveimur hlutum með hlaupandi tryggingum.

Að fara alla veggina á einum degi er spennandi verkefni. Vant og samhent klifurpar á ekki að vera í vandræðum með þá á góðum degi.

Mannskepnan er þeim ósköpum gerð að vilja alltaf eitthvað meira, stærra, erfiðara eða verða frægari. Hver og einn á sér markmið sem hann stefnir að og um leið og því lýkur tekur annað við. Hvenær við náum tindinum er huglægt.

**Berghaus
Meindl
Cousin
Camp
Helsport
Asolo
North Cape
Suunto
Mountain House
Mover**

ÚTILÍF





Rasisti, fasisti, karlrembusvín, konan hans og reiðhjólasölumaðurinn. Ljós.: Úr safni Einars Torfa.

Yfir Grænlandsjökul

Við komum hingað í gær, þrjú saman, svo undarlega ólíkar persónur og hvert frá sínu landinu. Franco er Ítali, ör og hrifnæmur, elskar að koma af stað heitri umræðu og æsa upp aðra. Til þess velur hann sér umræðuefni við hæfi. Hann er fasisti, rasisti, karlrembusvín af versta tagi, hlaðinn af umræðuefnum sem gera hvern meðaljón rauðan í framan af æsingi. Samstundis og hverju rifrildi lýkur er hann aftur orðinn vinur þinn, a.m.k. þangað til næst. Franco er með ferðalög í blóðinu. Þótt hann hafi eytt virkum dögum í að læra slátraraíðni í þorpinu sínu í Fríúl héraði í Norður Ítalíu þá var ekki fyrr kominn laugardagur en hann tók hjólið sitt og hjólaði til nærliggjandi fjalla í ítölsku Ölpunum.

Sabine er af aðalsættum. Á sjöunda áratugnum var það hennar uppreisn frá fjölskyldunni að læra til læknis og stunda fjallamennsku. Hún fullkomnaði síðar uppreisnina með því að giftast ómenntuðum slátrara frá Ítalíu. Þau kynntust í aðalbúðum eins af þeim fjöllum sem teggir sig yfir 8000 metrana. Hún var lækni frá frönskum leiðangurs og hann ungur klifrari í hópi Ítala sem vildi sigra fjallið. Hann

hreifst af þessari staðföstu og rólegu konu sem á flestan hátt er honum ólíkt skapi farin. Nokkrum mánuðum seinna seldi hann slátrarábúðina, flutti til Frakklands og giftist Sabine. Þau hafa nú verið gift í 10 ár, hún vinnur fyrir heimilinu, hann sér um að skipuleggja ferðalög og sér um heimilisstörf.

Við kynntumst þegar ég var leiðsögumaður í skíðaferð þvert yfir landið. Ég plataði þau svo til að ganga með mér að sumarlagi frá Eldgjá í Skaftafell. Það var í þessari ferð sem þau sögðu mér frá misheppnuðum leiðangri yfir Grænlandsjökul sem þau höfðu farið í 7 árum áður. Grænlandsjökull, það hljómaði afar spennandi. Gamli Grænlandsdraumar og Peter Freuchen sögur fengu nýtt líf og áður en ég vissi af vorum við farin að skipuleggja nýja ferð. Ég var skipaður leiðangursstjóri og undirbúningsferðin yrði farin í maí árið eftir, á Vatnajökul. Á Vatnajökli gekk okkur allt í hagginn og við urðum enn staðfastari í þeirri ætlun okkar að ganga yfir Grænlandsjökul.

Við höldum áfram að lyftast, Tasilaq bærinn er langt fyrir neðan, marglit húsin snyrtilega

dreifð yfir hæðirnar ofan við víkina. Þýrlan byrjar að skriða yfir fjöllin og síðan Sermilik fjörðinn. Við erum lögð af stað! Mér finnst það óraunverulegt eftir stress síðustu daga við lokaundirbúning leiðangursins. Eftir aðeins 25 mínútna flug lendum við á Hahn jökli, útverði meginjökulsins, og tínum farangurinn út úr þýrlunni. 250 kíló af drasli, ávísun á hraða snigilsins. Flugmaðurinn kastar á okkur kveðju og er síðan floginn. Við erum ein. Ég hugsa: „skyldi ég þola þetta lið í mánuð“ um leið og við byrjum að hlaða í púlkurnar. Helsta farangri er skipt á milli okkar. Ég og Franco tókum eldsneytið og varamatinn, Sabine tekur tjaldið.

Við erum lögð af stað. Fyrir aftan mig heyrst kla klúnk, du dúnk, kla klúnk, du dúnk þegar þotan hlúnkast yfir vindskafnar snjóöldur á yfirborði jökulsins. Snjórin er svo harður að þegar maður stingur skiðaendanum undir slútanda skaföldu, þá stöðvast ég harkalega, því skiðið fer ekki í gegnum snjóinn, heldur stöðvast. Fyrsta daginn göngum við aðeins 9 km, enda lögðum við ekki af stað fyrr en um hálf tvö. Eftir að hafa reist tjaldið og búið um okkur tek ég eftir því hvað við erum hrein og snyrtileg og ég velti því fyrir mér hvað það muni standa lengi áður en við lítum út eins og villimenn. Tveimur dögum seinna er ég strax farinn að verða óásjálægri, órakaður með klesst hár. Ég er staðfastur í þeirri trú að myndir úr svona ferðalagi eigi að sýna skeggjaðar hetjur, varirnar sprungnar af sólbruna og augun pírd af að horfa sólgleraugnalaus á endalausan jökulinn. Franco er ósammála og rakar sig reglulega með uppdreginni rakvél (það er eins og að draga litla sláttuvél í gang, hún snýst í 5 sekúndur og svo þarf að trekkja aftur) og ég verð að viðurkenna að sólbrunninn á Vatnajökli í fyrra var þvílíkur að frekar fórna ég leiðangurslegri hetjusólbrúnku en að lenda í því helvíti aftur.

Eins og við áttum von á, miðar okkur hægt fyrstu dagana, aðeins einu sinni á fyrstu átta dögum ferðar náum við yfir 20 km dagleið. Á hverju kvöldi skoðum við Sabine tölurnar í GPS tækjunum og ákveðum stefnur næsta dags. Okkur til hughreystingar berum við gönguhraða okkar saman við gönguhraða íslenska Grænlandsleiðangursins frá 1993 og sjáum að þeir lentu í meiri hremmingum en

við í upphafi sinnar ferðar og því höfum við forskot.

Á sjöunda degi ferðar tókum við eftir hóp á fólki á jökulöldu nokkrum km aftan við okkur. Þegar liður á daginn draga þau á okkur og við sjáum að þetta er fimm manna hópur og við þykjumst viss um að þar séu Norðmenn á ferð, við höfðum heyrt af fimm manna norskum leiðangri sem ætlaði sömu leið og við. Síðdegis stönsum við til þess að tjalda og þá ná þau okkur. Í fararbroddi er Kåre, leiðangursstjórinn, lítill og glaðbeittur náungi sem spyr hvort þau megi ekki tjalda við hliðina á okkur svo við getum slegið upp samkvæmi um kvöldið. Í för með honum eru tveir stórvaxnir norskarar og tvær stúlkur (af eðlilegri stærð). Tjaldið þeirra var eftirlíking af Samatjaldi en úr næloni og svo stórt að við hefðum hæglega getað sofið öll í því. Við skálum í kakói og írsku viskíi og segjum kurt-eislegar frægðarsögur. Sirí, sem er flugmaður á Herkúles vél í norska flughernum, hafði reyndar lagt af stað með vinkonu sinni og ætluðu þær tvær að ganga einar yfir jökulinn. Ekki vildi betur til en að vinkonunni skrikaði fótur fyrsta daginn og fótbrotnaði. Það var því lítið annað til ráða en að senda út neyðarkall og láta sækja sig, en Sirí taldi sig heppna að komast inn í þennan leiðangur sem hún var nú þátttakandi í. Norðmennirnir ferðuðust léttir og matarskammturinn þeirra á dag var töluvert minni en hjá okkur enda varð skógarhöggmaðurinn David afar glaður þegar við færðum honum 2 kg af kexi að gjöf. Seinna sá ég eftir því að hafa ekki gefið honum meira enda urðum við að lokum að henda hluta af okkar birgðum.

Morguninn eftir er gott ferðaveður og Norðmennirnir snemma á fótum. Nokkur kveðjuorð, „Góða ferð“ og þau örkuðu af stað. Þegar við Sabine og Franco nemum staðar til þess að tjalda seinni part dags, grillum við ennþá í svartan punkt á jökulöldu, mörgum kílómetrum á undan okkur.

Næstu daga byrjar veðrið að breytast, hann snýst í suðaustan átt og þykkur upp. Við reynum að nota fjallhifarnar en það er of hvasst og skyggnið of lélegt. Í einni tilrauninni stingum við Franco af og sjáum ekki til hans í hríðinni. Það liggur við að Sabine fái tauga-



Tjaldbúðir með norskum hóp í fyrri hluta ferðarinnar. Ljósma.: Einar Torfi.

áfall af stressi en eftir nokkrar mínútur kemur Franco samt út úr hriðinni með kolflækta fjallhíf.

Á ellefta degi erum við komin því sem næst á hábungu jökulsins á milli 2400 og 2500 m hæð. Morguninn eftir ákveðum við að taka okkur hvíldardag, Sabine var lasin í maganum og veðrið heldur leiðinlegt, austan 7 með skafrenningi og ofankomu. Okkur til leiðinda fellur loftvogin allan þennan dag svo að um kvöldið sýnir hæðarmælirinn yfir 2700 metra. Nú tekur veður að versna svo ekki varð úti migið, heldur er varapotturinn gerður að næturgagni. Að fara út og gera stykki sín er mesta svaðilför sem ekki er lagt út í að óþörfu. Næsta dag er veðrið sótvitlaust, komin 10 til 12 vindstig. Við gerum okkur tjaldið að góðu og drepum tímann með lestri, spilamennsku og hlustum á útvarp á stuttbylgjunni. Því miður næ ég ekki sendingum RÚV en hinsvegar hlustum við á Radio France International og BBC World Service. Franco er afleitur spilamaður og eftir af hafa tapað nokkrum sinnum fyrir mér og Sabine í manna kýs hann heldur að liggja og horfa út í loftið. Eftir smástund byrjar hann að egna til rifrildis með einni af sinni uppáhaldssetningum: „Konur eru tíkur, það eina sem þær vilja er að láta r.... sér“. Við Sabine rifumst örlítið við hann bara svo honum líði aðeins betur, en hættum svo og látum hann alls ekki æsa okkur upp, orðin öllu vön.

Eftir þriggja daga bið er aftur komið ferðaveður. Við drífum okkur af stað, eigum 164 km eftir að Dye 2 radarstöðinni sem við ætlum að heimsækja. Veðrið er nú skárar og öðruhvoru gefst færi á að nota seglin svo við náum til Dye 2 á fimm og hálfum degi og erum þá búin að vera 20 daga á ferð. Þegar við komum yfir síðustu jökulölduna við stöðina, blasa allt í einu við okkur tjaldbúðir miklar í u.þ.b. kílómeters fjarlægð. Við tökum strax stefnuna þangað og sjáum að vélsleði leggur af stað á móti okkur og á honum tvær manneskjur. Sleðinn stefnir nú beint á okkur en vegalengdin að tjaldbúðunum hlýtur að vera lengri en ég hélt því hann er óralengi til okkar. Þegar vélsleðinn kemur nær sé ég að á honum sitja tvær konur og sú sem ekur heldur sleðanum á heilum 1000 snúningum og örugglega 10 km hraða á klst! Um leið og þær renna upp að okkur með gamalkunnu „Hi“ uppá amerísku, sé ég að við stýrið á vélsleðanum er bundinn stór miði sem á stendur NASA. Þær amerísku skýra mál sitt, þær eru að rannsaka loftstreymi í snjó og við megum því alls ekki koma of nálægt tjöldunum til að trufla ekki viðkvæm mælitæki. (Ég sá ekki betur en þær kæmu þaðan á vélsleðum en ferðalangar á skíðum valda e.t.v. meiri titringi). Ekki er okkur boðið upp á heitt kakó eða kaffi og hunskumst því til að taka stefnuna á Dye 2 og hugsum ljótt um gestrisni Ameríkana.



Eitt af 3.162.356 skrefum á leið yfir jökulinn.
Ljósma.: Einar Torfi.

Dye 2 er yfirgefin radarstöð á stærð við meðalblokk í Breiðholtinu. Hún var byggð á tímum kalda stríðsins og allt efnið flutt upp á jökulinn með Herkúlesflugvélum. Við eyðum tveim tímum í að skoða þetta furðulega mannvirki sem greinilega var yfirgefið í miklum flýti fyrir nokkrum árum því margt hefur verið skilið eftir af persónulegum munum í vistarverum starfsmanna. Í eldhúsinu finnum við gestabók fyrir leiðangra og sjáum að norsararnir fimm hafa líka þurft að biða af sér veður. Annars lítur flest út eins og stöðin hafi verið yfirgefin í gær, enda ekkert ryk í þessu gerilsneydda umhverfi. Meira að segja eru blómin í matsalum græn og falleg. Það rennur upp fyrir mér að það dugar að snöggrýsta stofuna heima niður í -20°C og halda henni þannig og þá duga blómin árum saman án vökvunar. Eftir að hafa skoðað nægju okkar höldum við áfram og erum fegin þegar skrymslið tekur að minnka bak við okkur.

Næstu daga miðar okkur ótrúlega vel áfram. Daginn eftir að hafa kynnt sér amerískar kaldastríðsminjar og gestrisni, fáum við hæfilegan meðbyr og setjum upp segl. Um kvöldið tilkynnir GPessinn að við höfum gengið 64,2 km og eigum nú aðeins 110 eftir í móður jörð. Við fögnum ákaflega og teljum raunhæft að klára restina á þremur dögum enda þráin eftir föstu landi orðin ákaflega sterk. Morguninn eftir er hávaðarok og allt of hvasst

fyrir fjallhífanar. Við göngum 37 km á 6 virkum göngutímum en þá rifna bindingarnar af skíðunum hjá Sabine svo við ákveðum að tjalda og vakna bara því fyrr daginn eftir. Við vökn-um í bítið, nú er komið blankalogn og þegar liður á morguninn byrjar okkur að hitna verulega í hamsi. Í fyrsta skipti í ferðinni er ég algerlega mát og silast á eftir ferðafélögunum, langsiðastur. Venjulega hafa þau mátt horfa aftan á mig allan daginn en nú fæ ég að reyna hvar Dabbi keypti ölið. Við bætum samt við 39 km og nú er ég viss um að við náum landi á morgun. Um kvöldið er kom-in góð fjallasýn og skýin breyta um svip.

24. dagur ferðar rennur upp. Við vöknum kl. hálfjögur og erum löggð af stað um hálfsex. Fljótlega byrjar að skína í jökulis á milli snjófylltra lægða og síðan koma í ljós tjarnir með himinbláum lit. Til að byrja með komumst við yfir tjarnir og læki á mannheldum ís næturfrostsins en þegar liður á morguninn, ásamt því að við komum neðar á jökulinn, þurfum við æ meir að krækja fyrir keldur. Mér tekst að fara niðrur ís á einni smáánni, stend í vatni upp í hné og ætla aldrei að ná löppunum með skíðunum uppúr. Þau krækjast stöðugt undir skarirnar. Að lokum er vatnið orðið að stóra sem við komumst yfir á snjóbrú en skömmu síðar rennur hún ofan í niðurfall í jöklinum og hverfur sjónum. Ég er nú kominn í ham og það eina sem kemst að hjá mér er eins og hjá skippreika sjómönnum, „land!“. Upp og niður jökulöldur, sikk sakk á milli íshóla, böðlast ég áfram með lafandi tungu. Öðru hvoru bíðum við Franco eftir Sabine sem dregst langt afturur í þessum lát-um en um leið og hún nær okkur er ég rokinn af stað eins og geðsjúklingur sem engin bönd halda. Að lokum náum við landi eftir 10 tíma puð og stígum öll saman hátíðlega af ísnum á fyrstu jökulurðina. Það ilmar af jörð og gróðri, vetrarblóm nýútsprungin og snjótittlingur syngur við raust. Við skælum svolítið og klöppum hvert öðru á bakið eins og sæmir en þeirri hugsun skýtur upp í kollinn á mér, úr því að mér finnst svona ofboðslega gaman að hafa fast land undir fótum, hvers vegna var ég að þessu?

Titan

eftir
Guðmund Helga
Christensen

„Er eitthvað klifur á Íslandi?“ er spurning sem ég er oft spurður að hér í Boulder þegar fólk fréttir að ég sé frá Íslandi. „Tja, gott ísklifur, en ykkur þætti bergið líklega laust í sér og heldur gróið“ er yfirleitt svarið. Í einum slíkum spurningatíma var viðkvæðið, „þér þætti þá kannski gaman að klifra í eyðimörkinni!“ Það fyrsta sem kom upp í huga grænjaxlsins voru sandhólar og kaktusar - ég hafði jú sagt að það væri laust í sér en ekki að um væri að ræða malarbingi! „Hajá, sandsteinsstrýturnar sem sjást í baksýn í kúrekamyndunum þar sem indjánarnir veita póstvagninum fyrir-sát. Jú, þær væru áhugaverðar - eitthvað nýtt“. Stuttu síðar var haldið í eyðimörkina við fjórða mann og eftir þrjá daga höfðu jafnmargir sandsteinsturnar verið sigraðir. Á síðasta degi þeirrar ferðar lék félögum mínum forvitni á að vita hvað þessum norðurhjarastaula finndist um slíkt klifur. „Tja, frekar laust og drullugt á köflum“. „Laust?? Drullugt?? Það var greinilegt að ég hafði aldrei klifrað í Fisher Towers“ hnussaði í þeim.


Nú tveim árum síðar var ég enn á ný í bíl á leið til Utah, en nú var beygt inn á afleggjarann að Fisher Towers. Ég hafði verið gripinn á orðinu þegar ég minntist á það við einn af þremmenningunum að það gæti verið gaman að kíkja á Titan, hæstan turnanna í Fisher Towers klasanum. Þessar 27 sandsteinsspíur standa nálægt bökkum Colorado árinna í suðaustur Utah og eru vinsæll viðkomustaður



Guðmundur Helgi tryggir í Sundevil Chimney á Titan.
Ljós.: Úr safni Guðmundar Helga.

túrhesta (þessir í útvíðu köflóttu buxunum) og stöku klifrara. Lítið sást þó þetta kvöldið annað en það sem var innan geisla ennisljósanna; sandur, grjót, visnir runnar og ... svefnpokinn!

Sólin sá um að vekja okkur næsta morgun. Þaðan sem ég stakk hausnum út úr svefnpokanum og undan runnanum leit þetta út fyrir að ætla að verða góður dagur. Okkur var því ekki til setunnar boðið, nú var um að gera að drífa sig upp úr pokanum, hita kaffi og taka til búnaðinn. Eftir nokkurt grams, sem stöðugt varð örvæntingarfullra, komumst við að því að það sem ekki mátti gleymast hafði gleymst - kaffið!! Koffínskammtinn varð ég að fá svo nú var bara að bíta á jaxlinn, sýna smá karlmennsku og drekka te. Eftir að hafa



Titan, „hæsta drulluspíran“ í Fishers Towers.
Ljósma.: Guðmundur Helgi.

svolgrað í sig nokkrum bollum af þessu jurta-seyði var haldið af stað upp að leiðinni. Ekki vorum við nú mjög fráir á fæti þar sem slíku stigaklifri fylgir töluverður búnaður. Eftir hálf-tíma labb tókum við eftir tveimur náungum sem drógu heldur á okkur og litu þeir út fyrir að vera klifrarar frekar en venjulegir ferðamenn ef eitthvað var að marka teipaðar hendur og hnjáhlífar. Við sprettum úr spori, þeir skyldu sko ekki verða á undan okkur í leiðina „okkar“. Með þetta vopnabúr á bakinu vorum við hins vegar álíka hraðskreiðir og tveir sníglar í hindrunarhlaupi og því leið ekki á löngu þar til kapparnir fóru fram úr okkur. Við hugsuðum þeim þegjandi þörfina og sáum fram á að við þyrftum að finna nýja leið. Til allrar

hamingju stefndu þeir á aðra leið á Titan en við höfðum í huga svo að þetta var nú ekki svo slæmt eftir allt. Þeir höfðu villst í myrkrinu kvöldið áður og skilið allan útbúnaðinn eftir á stígnum skammt frá þar sem við vorum.

Það er stórfenglegt að standa þarna undir þessum turni og horfa upp eftir honum. 300 metrar af sandsteinsdrullu! Maður veltir því óneitanlega fyrir sér hverjar líkurnar séu á því að turninn detti á hliðina á meðan maður klifrar hann. Í þessu sambandi á svar Layton Kor við spurningunni „af hverju ertu að þessu“ vel við: „Ég er ekki að klífa þessa turna vegna þess að þeir eru þar, heldur vegna þess að þeir verða þar kannski ekki öllu lengur“. Umhverfið þarna er úr allt öðrum heimi. Í vestri eru Echo Tower, King Fisher, Cotton Tail og fleiri turnar í Fisher Tower klasanum. Til norðausturs sjást Mystery Towers með Dork Column sem einna helst líkist hálfbrunnu kerti, auk allra hinna eins og Gothic Nightmare sem ber nafn með rentu. Í fjarska, hinum megin í dalnum má svo sjá Castleton og hans granna. Allt eru þetta vel þekktir aukaleikarar í óteljandi kábojmyndum.

Það kom í minn hlut að byrja. Við sáum vel hvernig tvær fyrstu spannirnar litu út; sprunga sem hallaði til hægri og tengdist strompinum í lok annarrar spannar. Þar tók við hin fræga Fisher Tower drulla. Hún lak þarna niður úr strompinum og líktist helst brúnum ísfossi. Næstu tvær til þrjár spannir virtust ætla að vera inni í þessum drullustrompi. Það væri sama hvort byrjunin á fyrstu spönn yrði 5.5 eða 5.10, þetta yrði alltaf erfitt með tvær línur í drætti, um 100 karabínur, 45 fleyga, 12 tvista, 21 vin, auk tilheyrandi fjölda slinga, jummara og annars búnaðar sem fylgir slíku klifri. Þó reynsla mín af stigaklifri sé ekki mikil hefur maður þó barið inn nokkurn fjölda fleyga í graníti og basalti þar sem maður lætur þrjú til fjögur högg vanalega nægja. En þetta er allt annað. Hér hamrar maður á fleygunum þar til þeir fara ekki lengra, samt getur maður átt von á því að þeir hrökkvi út við það eitt að stíga létt í þá.

Spönnin reyndist vera full línulengd af gráðunni A3-5.8. Það var auðséð að fólk hafði ekki mikla trú á styrkleika þessa bergs; sjö boltar í fyrsta stansi og áttum við eftir að



Sólardjöfullinn á toppi reykháfsins eftir velheppnað póstvagnsrán.
Ljós.: Úr safni Guðmundar Helga.

sjá allt að níu bolta í aðaltryggingu ofar í leiðinni. Klifrið hafði tekið mig fjóra tíma - 12.5 m/klst - ekki beint hægt að tala um klifurhraða þar! Þar sem klukkan var farin að ganga þrjú ákváðum við að láta þetta duga þann daginn. Roger myndi þó júmma upp til mín, hreinsa spönnina og skilja búnaðinn eftir við byrjun annarrar spannar.

Þegar komið var í tjaldstað voru þessir venjulegu gjörningar framkvæmdir; tjaldað, eldað, étið, kjaftað o.s.frv. Ekkert markvert gerðist þar til einhver í næsta nágrenni við okkur hafði mikla þörf fyrir að skemmta okkur með bongótrommuleik. Þetta hefði jú getað verið verra - glymskratti með kántrýtónlist!? Eitthvað lögðum við fyrr af stað en morguninn áður - eftir andvökunótt. Með augun full af sandi og ryki eftir daginn áður vorum við komnir upp að leiðinni eftir smástund enda höfðum við lítið sem ekkert að bera. Eftir að hafa júmmað upp línuna á eftir Roger var komið að mér að standa í stigunum og tryggja hann. Önnur spönnin var heldur styttri en sú fyrsta og ekki eins yfirhangandi, svo að

ég þurfti bara að hanga í slingunum í rúma tvo tíma. Þegar ég var búinn að júmma langleiðina upp og hreinsa spönnina tók ég eftir að ég hafði gleymt að hnýta fasta línuna, sem ég dró á eftir mér í fyrsta stans. Sigið niður yrði því ansi strembið þar sem veggurinn fyrir neðan okkur var yfirhangandi og við höfðum hliðrað töluvert. Roger tilkynnti mér að það yrði ég sem sigi fyrstur - svo sem sanngjarnt þar sem þetta voru jú mín mistök, en það voru seinni tíma áhyggjur. Nú var minn tími kominn til að axla rakkinn sem við vorum farnir að kalla „the Beast“ og kynnst klifri í drullu. Eftir stutt klifur í stigum með tilheyrandi neglingum og stöku hnetu, var komið að því að snerta það sem ég hafði líkt við brúna ísfoss fyrir ofan okkur. Ónei, þetta líktist helst sólþurrkuðum hrossaskít og þetta átti að friklifra!! Tja, ekki myndi nokkur fleygur haldast inni hvort sem var! Einhvers staðar þarna uppi sýndist mér ég sjá boltauga svo nú var bara að stefna á það - upp! Svo ég minnst aðeins á boltana í leiðinni; þeir eru grannir (1/4“ er algengast) og stuttir og reknir inn líkt og naglar. Þeir eru ekki mjög traustvekjandi, allra síst þegar berg-

íð í kringum þá er orðið svo veðrað að hálfur boltinn stendur orðið út og það þarf að hnýta þá af með sling undir hringlandi laust augað. Ég vantreysti þeim þó ekki þegar stigaklifrað er frá bolta í bolta, en ekki veit ég hvað þeir héldu löngu falli. Að lokum náði ég í stansinn og hvílikt kraðak af boltum. Níu stykki! Ef við reiknum með tuttugu mínútna vinnu við hvern bolta gerir það þriggja tíma vinnu bara að koma upp einni aðaltryggingu! Það er ekki skrítið að þeir hafa valið stutta og granna bolta.

Næsta spönn leit hrikalega út, margfalt meiri drulla og helmingi þykkari. Við reiknuðum með að við yrðum töluvert lengur að klára hana en þá síðustu og ákváðum því að gera allt klárt fyrir næsta dag og síga svo niður. Nú var það mitt verk að síga niður að fyrsta stansi, þar sem ég hafði gleymt að binda línuna fasta. Þetta reyndist þó minna mál en við höfðum reiknað með, eftir aðeins nokkrar sveiflur náði ég í slingakraðakið í stansinum.


Klukkan hálffimm næsta morgun vaknaði ég og stuttu síðar var ég búinn að sannfæra Roger um að þetta væri tilvalinn tími til þess að leggja af stað. Við þyrftum bara að nota ennisljós og passa okkur á að villast ekki, sem tókst að mestu, aðeins nokkrir útdúrar. Neðri hluti leiðarinnar var farinn að líta út eins og línurekkinn í klifurverslun - „get ég aðstoðað yður eitthvað, ertu að leita að einhverju sérstöku; einfaldri eða tvöfaldri, 50 eða 60 metra, Beal, Blue Water eða Edelweiss“ - af nógu var að taka. Þá var að fara upp þessar línur sem við höfðum fixað. Það sem mér er hvað verst við í svona klifri er að júmna, ekki vegna þess hvað það er leiðinlegt heldur það að einhvers staðar þarna uppi getur maði hafa yfirsést horn eða nibba sem er núna að rífa línuna sem maður hangir og hrossast í. Allt gekk þó að óskum í þetta skiptið. Nú var komið að Roger að leiða næstu spönn og mitt hlutverk var, í bókstaflegri merkingu, að hanga. Roger reyndi að létta rakkinn eins og hann frekast þorði, þar sem það leit út fyrir að hann yrði að friklifra stóran hluta af þessari spönn. Neðan frá séð leit þetta út fyrir að vera lausasta og skítugasta spönnin svo að ég var nokkuð sáttur við mitt hlutskipti. Ekki var verra að Roger hljóp upp spönnina á rétt tæp-um tveim tímum.

Næsta spönn byrjaði með sprungu inni í horni sem tók mjög vel á móti vinum og hnetum, síðan var hliðrað út á vegginn á boltastiga upp undir þak og síðan hvað?? Ég sá í fyrstu ekkert annað en það sem ég áður líkti við hrossaskít en jú, þarna var lítil hola til hliðar við alla drulluna og hálfthomu Angel komst inn um tvo sentimetra. Hann var hnýttur af og svo var stigið í! Þó að fjórir fimmtu stæðu úti virtist fleygurinn vera nokkuð traustur, best væri þó að prufa hann ekki of mikið. Það var stigið upp í efsta þrep ... og nú hvað? Ekkert! Verð að komast hærra. Stigið upp á fleyginn, ennþá ekkert og nú var mér hætt að lítast á þetta. Það var komið að því sem ég hafði vonast til að ég losnaði við, að reka fleyg í drulluna. Tvö högg þurfti til að reka 3/4 Angel á kaf. Með augun límd við fleyginn steig ég rólega í. Fleygurinn seig niður jafnt og þétt og ég steig í. Hann stoppaði loks og ég steig áfram upp í næsta þrep og svo það næsta með augun enn límd við fleyginn. En nú var mig skyndilega farið að svima - ekki var ég orðinn svona hræddur, var það? Aha, ætli það sé ekki betra að anda, það reynir varla svo á fleyginn að hann skjótist út við það! Langur slingur inn um eitt gat á drullunni og út um annað, ef ég klippi línuna í kallast þetta víst sálræn trygging. Eftir að hafa tekið í slinginn (hér kallast það víst „French free“) var ég kominn nógu hátt til þess að koma inn góðum vini, eða jafngóðum og bergið leyfði. Smá meira stigaklifur og örlítið friklifur og ég stóð móður og mäsandi á fyrstu syllunni í leiðinni. Ég sá fram á að geta lagt mig þegar ég færi að tryggja Roger næstu spönn - bannað að sofna! Upp kom Roger. Það var nú ekki alveg ljóst hvert næsta spönn lægi, en það er nú oftast þannig að maður veit ekki hvert prílið leiðir mann fyrr en maður byrjar. Eftir um fimmtán metra lá leið Rogers allt annað en við höfðum áætlað og hvarf hann mér fljótlega úr augsýn. Hann átti ekki eftir að birtast aftur fyrr en ég sá hann skreiðast upp á aðra syllu, blótandi því hve línun var orðin þung í drætti.


Þá var bara ein spönn eftir og það í töluvert betra bergi þó að enn væri um sandstein að ræða. Fimmtán mínútum eftir að ég byrjaði á síðustu spönninni stóð ég á toppnum og tryggði Roger upp.

LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.



Leiðavísir nr. 23 viðauki



GLYMSBREKKUR

NORDVESTURBRÚN


BOTNSÁ

GLYMUR

ENNISTUNGUR

SUDAUSTURBRÚN

BRÚ



Glymsgil – leiðarvísir


eftir Hallgrím Magnússon og Jón Hauk Steingrímsson.

Inngangur


Botnsdalur hefur verið um árabil eitt af vinsælli útivistarsvæðum umhverfis Reykjavík. Þannig hefur Glymur og gilið niður af honum verið þekkt lengi þó það hafi ekki náð augum ísklifrara fyrr en veturinn 1994. Þá var Glymur klifinn fyrsta sinn, en fyrir þann vetur höfðu verið kannaðar nokkrar leiðir með auðveldari aðkomu. Sögur fara af fyrri ferðum klifrara til að kanna Glym í vetrarham en þær kannanir féllu fljótt í gleysku. Vinsælar gönguleiðir liggja upp með báðum brúnum gilsins. Á árunum í kringum seinna stríð voru uppi áform um að virkja Botnsá og nýta þar með þessa geysilegu fallhæð vatnsins niður í Botnsdal. Sem betur fer voru virkjanakostir annars staðar taldir heppilegri á þeim tíma. Í Glymsgili geta allir fundið klifur við hæfi. Þar eru leiðir allt frá 10 m upp í 200 m. Fremst í giliinu eru stystu leiðirnar og aðkoman best, eftir því sem ofar dregur verða leiðirnar bæði brattari og lengri. Aðkoman er að sama skapi erfiðari og ekki nema í miklum snjó- og frostavetrum að gilið nái að leggja alveg inn að Glym.

Fyrir botni Hvalfjarðar er geysistört móbergsfjall, Hvalfell (850 m.y.s.). Það er myndað við gos undir jökli á síðustu kuldaskiðum ísaldar eða kvartertíma á máli jarðfræðinnar. Þegar þetta eldgos átti sér stað hefur Hvalfjörðurinn verið nánast fullmótaður eins og við þekkjum hann í dag og Botnsdalurinn verið mun lengri og dýpri. Hvalfellið stíflar í raun gamla Botnsdalinn og bak við fjallið myndast djúpt uppistöðulón, Hvalvatn. Hvalvatn er næstdýpsta stöðuvatn á Íslandi, 160m djúpt, aðeins Öskjuvatn er dýpra. Úr Hvalvatni rennur Botnsá niður í Botnsdal og úti Botnsvog. Nokkuð jafnt rennsli er í ánni sumar sem vetur, enda er vatnið sennilega að mestu leyti upprunnið í lindum sem renna í Hvalvatn.

Botnsá liggur á mörkum Gullbringu- og Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu. Í Botnsá er fossinn Glymur, hæsta vatnsfall á Íslandi, 198 m hár. Gljúfrið sjálft hefur ekki sérstakt örnefni utan að vera kennt við fossinn sem myndaði það. Um Glymsgil liggur misgengi með stefnu norðaustur - suðvestur, það er ríkjandi sprungustefna á svæðinu og ættu glöggir ferðamenn að taka eftir að mörg gil og skorningar í nágrenninu hafa sömu stefnu og Glymsgil. Algennt er að vatnsföll leiti í gömlu



Fossarnir neðst í giliinu. Smáfossarnir og Spönnin, horft út Botnsdal og Hvalfjörð. Ljósma.: Hallgrímur Magnússon.



Kelda og Krókur. Í botni gilsins sést í Glym. Þorsta ber við himinn á brúninni. Einnig sést örlítið í Garra. Ljós m.: Hallgrímur Magnússon.

misgengi eða brotalínur í jarðlagastaflanum. Þar hefur staflinn þegar verið brotinn upp, sem auðveldar rof og niðurbrot af völdum vatnsfallsins. Glymsgil er sérlega myndarlegt dæmi um slíkt gljúfur. Þegar gengið er upp með gílinu að norðvestanverðu er farið um Glymsbrekkur. Að suðaustanverðu er farið um Einistungur næst Glym en fjær Breiðutungu. Sunnan við Breiðutungu er Stóragil, stutt, nokkuð breitt en grunnt gil með skýra austur-vestur stefnu. Í Stóragili eru stutt og auðveld íspil tilvalin til æfinga. Vestan við Glymsbrekkur er Svartagjá, stutt og þröngt gil, sem býður upp á einhverja möguleika á klífurleiðum við réttar aðstæður.

Lýsingar á Hvalfirði er að finna í nokkrum ritum, þar á meðal árbókum Ferðafélagsins frá 1950 og 1985. Þessi leiðarvísir er í raun hugsaður sem viðbót við leiðarvísi Ísalp nr. 23: Hvalfjörður og Kjós eftir Snævarr Guðmundsson. Þar lýsir Snævarr ágætlega helstu kennileitum á svæðinu og sögunum á bak við þau. Helstu kort af svæðinu útgefin af Landmælingum Íslands eru: Aðalkort, blað nr. 3 í mkv. 1:250.000, Atlasblað nr. 26; Botnsheiði í mælikvarða 1:100.000, og AMS kort nr. 1613 I, Þingvellir í mkv. 1:50.000.

Aðkoma

Glymsgil er innst í Botnsdal undir hliðum Hvalfells. Aðkoma er um afleggjara við Botnsskála, innst í Botnsvogi. Eftir afleggjaranum er ekið áleiðis inn að bænum Stóra - Botni. Um 300 metra frá bænum er stoppað við læst hlið, þaðan er gengið um það bil 2 km eftir gömlum vegslóða inn í botn dalsins. Þar liggur Glymsgil upp með hliðum Hvalfells í norðaustur. Þegar komið er að gílinu er gönguleið niður í botn þess, göngustígur er upp Glymsbrekkurnar að norðvestanverðu en til að komast austur yfir Botnsá er farið yfir mjóa göngubrú við mynni gilsins. Göngubrúin er stór og mikill rafmagnsstaur, nokkuð háll í bleytu og ber að fara með gát þar yfir.

Notkun á leiðarvísinum

Leiðirnar eru allar gráðaðar eftir skoska ísklifurkerfinu frá 1-6. Þetta gráðukerfi þarf að taka með fyrirvara þar sem leiðir í gljúfrinu geta verið í mjög misjöfnum aðstæðum eftir tíðarfari og árstíðum. Leiðirnar fá gráðu miðað við „eðlilegar“ aðstæður.

Leiðunum er skipt upp í hópa eftir legu þeirra í gljúfrinu og aðkomu lýst fyrir hvern hóp. Í leiðarvísinum er stuðst við eina yfirlitsteikningu af svæðinu. Teikningin er unnin upp úr loftmynd, en á henni er gljúfrið breiðkað og ýkt til að leiðir verði sýnilegar. Á teikningunni sést aðeins önnur hlið gljúfursins þ.e. norðvesturveggur. Ekki reyndist möguleiki að draga upp lýsandi mynd af suðausturveggnum þannig að leiðir þeim megin eru aðeins merktar inn á brún gljúfursins. Til nánari glöggvunar er síðan vitnað í ljósmyndir þar sem þeim er viðkomið.

Þegar vitnað er í stefnur til hægri eða vinstri er alltaf miðað við að horft sé á leiðina neðan úr gljúfrinu.

Norðvesturveggur:

01-04. Litlu fossarnir

Leiðir neðst í giliinu. Hægt er að komast að þessum leiðum þurrum fótum. Fossarnir blasa við rétt innan við fyrstu vinstri beygjuna á gljúfrinu áður en það fer að þrengjast.

01. Ísfossar neðst í giliinu - Ís

gráða 3 5-15 m.

mynd a

Stuttir æfingafossar. Aðkoma er auðveld hvort sem er ofan við fossana eða upp gilbotninn.

FF: Ekki vitað

02. Spönnin - Ís

gráða 4 35 m. 1 spönn

mynd a

Lóðrétt kerti þar sem endatrygging er í tré (NB eina leiðin svo vitað sé sunnan heiða). Aðkoma er auðveld hvort sem er ofan við fossana eða upp með giliinu.

FF: Björn Ólafsson og Þorvaldur Þórsson 26. des. 1995.

03. Kelda - Ís/snjór

gráða 3 60 m. 2 spannir

mynd b

Þægileg leið brött á köflum.

FF: Vetur 1995.

04. krókur - Ís

gráða 3+ 60 m. 2 spannir

mynd b

Auðveldur foss í tveimur samfelldum höftum með litlum stalli á milli, endar í lítilli skál. Þægileg leið brött á köflum

FF: Tómas Grønvaldt Júlíusson, Geir Gunnarsson og Þorvaldur Þórsson, 5 mars 1994.

05-08 Hvalirnir


Aðkoma er upp með Gljúfrinu og getur verið erfið ef áin er ekki ísi lögð. Leiðirnar eru þar sem gljúfrið er breiðast í botninn á ca. 150 metra kafla. Hvalur 1 er þar sem gljúfrið byrjar að breikka í botninn og Hvalur 3 þar sem það þrengist aftur.

05. Hvalur 1 - Ís/snjór

gráða 4-5 100 m. 2-3 spannir

(Vantar mynd)

Nokkur stutt höft eru fyrstu 50 metrana upp að 50 m háum mjög bröttum fossi. Leiðin



Hvalur 2. og Hvalur 3.

Ljós m.: Hallgrímur Magnússon.

liggur upp með kverk og það er klífrað innst í henni. Leiðin endar rétt vinstra megin við Þorsta.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son, 17 feb. 1995.


06. Hvalur 2 - Ís

gráða 4-5 100 m. 2-3 spannir

Mynd c.

Leiðin liggur upp eftir stuttum íshöftum og bröttum ísbrekkum fyrstu 70 m. Í lokin er bratt ískerti 25-30 m. Þar endar leiðin á syllu neðan við Svala. Það liggur beint við að klára leiðina upp Svala eða ljúka leiðinni með því að hliðra eftir syllunni til vinstri.

FF: Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson 18 feb. 1995.



Hæsta vatnsfall á Íslandi: Glymur. Leiðir 11 til 14, taldar frá vinstri eru: Prymur, Orginal, Allur og Beint af augum. Í hringnum eru félagarnir þrír í frumferðinni. Ljósmynd: Einar Magnússon.

07. Hvalur 3 - Ís/snjór

gráða 5 100 m. 2-3 spannir
mynd c.

Leiðin er innst í röð þessara þriggja fossa. Leiðin byrjar á bröttu íshafti ca. 10 m. Við af því tekur snjóbrekka undir 50 m frístandandi ískerti. Leiðin endar á syllu hægra megin við Svala. Liggur beinast við að klára leiðina upp Svala eða Þorsta. Einnig er hægt að hliðra eftir syllunni til vinstri og ljúka leiðinni þannig. FF: Hallgrímur Magnússon og Páll Sveinsson 15 feb. 1995.

08-10 Fossarnir á brúninni

Fossar ofan við gljúfrið og í raun beint framhald af Hvölunum. Aðkoma er upp stíg með gljúfrinu að norðvestanverðu. Hliðrað er út á syllu þar sem gljúfrið hækkar. Eini fossinn sem sést af brúninni er Þorsti. mynd d.

08. Þorsti - Ís

gráða 3-4 30 m. 1 spönn
mynd d.

Brött stölluð ísleið. Fyrsta leiðin sem blasir við.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son, 31. des 1994.

09. Garri - Ís

gráða 4 20 m. 1 spönn
mynd d.

Ískerti. Fossinn í miðjunni.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son, 26. des. 1994.

10. Svali

gráða 4 20 m. 1 spönn
mynd d.

Bratt ískerti. Þriðji og síðasti fossinn.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son, 11 jan. 1995.

11-14 Leiðir í Glym

Leiðir sem tilheyra vatnsrennsli úr Glym. Allar leiðirnar eru vinstra megin við fossinn. Meginvatnsfallið fellur í botni gljúfursins. Hluti vatnsins rennur út eftir klöppum á norðvestur-brúninni, þaðan niður á stóra syllu þar sem leiðir 11 og 12 enda. Leiðir 13 og 14 ná alla leið upp á klappirnar við hlið vatnsfallsins. Aðkoma að leiðunum er upp með gljúfrinu, eða það er gengið eftir börmum gljúfursins upp fyrir sylluna, þar er hægt að brölta niður á sylluna og síga niður leið nr 11. Aðkoman að syllunni er varasöm og ber að fara þar með gát.

11. Prymur - Ís

gráða 5 150 m. 4 spannir
mynd e.


Bein lína innst í giliinu við hlið Glyms. Klifrað er upp kverk fyrstu tvær spannirnar þar sem leiðin opnast og endar samhliða upprunalegu leið Glyms. Leiðin er mjög samfelld og með slæmum tryggingastöðum.

FF: Guðmundur Tómasson og Jón Haukur Steingrímsson, 24. feb. 1995.

12. Glymur originalinn

gráða 5 150 m. 4 spannir
mynd e.

Leiðin liggur lengst til vinstri í Glymshvelfingunni. Eftir tvær spannir er hliðrað til vinstri



Fossarnir á brúninni, frá vinstri: Þorsti, Garri og Svali. Ljós m.: Hallgrímur Magnússon.

yfir í Prym. Og leiðin kláruð hægra megin í þeirri rennu. Fyrsta spönnin er klifruð innst í kverk og í annarri spönn er farið hægra megin við kverkina upp í stans. Í þriðju spönn er svo hliðrað til vinstri undir lóðrétt kerti.

FF: Magnús Gunnarsson, Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson, 13. mars 1994.

13. Glymur allur

gráða 5 180-200 m. 4 spannir mynd e.

Fyrstu tvær spanninir eru þær sömu og í leið 12. Þaðan er hliðrað upp til hægri og fossinn klifinn á enda. Þriðja spönnin er af 3. gráðu og við af henni tekur lokaveggurinn rúm 40 metrar.

FF: Dagur Halldórsson og Karl Ingólfsson, 11. feb. 1995.

14. Glymur beint af augum

gráða 5 180-200 m. 4 spannir mynd e.

Leiðin liggur næst Glym upp eftir veggnum, hægra megin við leiðir 12-13. Fyrsta spönnin er tortryggð vegna úðans frá fossinum. Fyrstu tvær spanninir eru mjög brattar, við af þeim tekur stutt 3. gráðu spönn undir lokavegginn. FF: Hallgrímur Magnússon, Hörður Magnússon og Tómas Grønvaldt.



Efri hluti Greenpeace.

Ljós m.: Hallgrímur Magnússon.

Suð austurveggur.

15. Ísalp-leiðin

gráða 4 100 m. 2-3 spannir

Ísstallar með lóðréttum höftum. Þegar leiðinni er lokið þarf að hliðra eftir syllu í miðjum klettaveggnum. Þessi hliðrun er varasöm og leiðin því ekki ráðleg byrjendum.

FF: Árni Eðvaldsson, Ólafur V. Birgisson og Þorvaldur Þórsson, 4. mars.1995.

16. Sea sheppard

gráða 5 100 m. 3 spannir

Leiðin byrjar á greinilegu ísmiklu hafti, þá tekur við snjóbrekka sem liggur upp að klettabelti, um 15 m háu, og þaðan eru 50 m í þunnum ís að 10 m háu kerti. Leiðin endar eins og leið nr 15.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son 19. feb.1995.

17. Greenpeace

gráða 5 100 m. 2-3 spannir

mynd f.

Leiðin byrjar í 20 m langri snjóbrekku sem

leiðir að 5 m háu klettahafti með þaki. Þaðan er önnur 20 m snjóbrekka að 60 m háum lóðréttum ískafla. Leiðin endar eins og leið nr 15.

FF: Hallgrímur Magnússon og Páll Sveinsson, 19. feb. 1995.

18. Laumuspil

gráða 5 180-200 m. 4 spannir.

Neðsta leiðin í aðalveggnum. Hún hefst á íslausu eða íslitlu hafti sem er um 15 m á hæð. Þaðan er snjóbrekka yfir að frihangandi kerti neðst í 50 m háum ísfossi.

FF: Dagur Halldórsson og Viðar Þór Hauks-son, 24. feb. 1995.

19. Stuttir ísfossar

gráða 3-4 20-30 m.

Stuttar ísleiðir. Sumar hverjar mjög brattar og erfiðar. Aðkoma getur verið erfið þar sem áin liggur upp við klettana.

SEGLAGERÐIN
ÆGIR

...þar sem gönguferðin byrjar

DEMON - ITALS KIR GÖNGSKÖR MEÐSYMPA
LEX

VANDAÐAR VÖRUR FYRIR ÚTIVISTINA - SUMAR SEM VETUR

Nálaraugað - Þankabrot

eftir Jón Hauk
Steingrímsson

Hvernig væri að hafa klassísku leiðirnar klassískar núna, segir einhver. Hvað mein-arðu? Ja venjulega eru þetta svona leiðir sem eru nánast aldrei farnar. Það hefur nú samt ákveðið kynningargildi, þær verða sumar klassískar í kjölfarið. Af hverju ekki að taka fyrir nokkrar vinsælar leiðir til tilbreytingar. Jújú það er svo sem í lagi, Skessuhorn, Vesturbúrinn, Eilífssdalur, Hvalfjörður, en Búahamrarnir? Eru Tvíburafossarnir og Fimmtíuogfimmgráðurnar ekki fullrýrar í þetta? Það má vera, mér finnst reyndar ekki nema ein leið þarna sem eitthvað er varið í, það er Nálaraugað. Nálaraugað, segir aldurs- og þyngdarforseti ritnefndarinnar, er þetta ekki einhver skítarenni sem maður varla kemst inn í og er alltaf hálf íslaus? Honum fannst greinilega ekki mikið til leiðarinnar koma. Mér finnst þetta samt skemmtilegasta leiðin, við förum hana alltaf á jóladag svara ég sármóðgaður og fannst illa vegið að jólaandanum. Í seinni tíð hefur þessi leið skipað fastan sess í jólahaldinu hjá Kópvíkingum. Hæfilega auðveld, en við vissar aðstæður krefjandi, stutt að keyra, stutt að ganga, allir geta sofið út og samt komist í jólaboðið hjá ömmu. Stansinn er stór og finnst alveg ekta til að sitja í og fara yfir jólagjafirnar. Þetta með ísleysið er ekki alveg rétt, ef einhver ís er í Búahömrum á annað borð þá er alltaf eitthvað af ís þarna, kannski að það vanti í haftið upp úr rennunni, en ef svo er þá er svakalega fin mosató sem hægt er að nota. Ef ísinn er eitthvað rýr þá er ekkert mál að tryggja í vegginn vinstra megin.

Nálin sjálf er áberandi kennileiti í Búahömr-um. Ef gengið er upp að veggnum eða horninu sem Nálin stendur á, þá er haldið áfram upp með klettunum til vesturs, (til hægri) þar til komið er að mjórri skoru í vegginn. Nálaraugað er þá bein og falleg lína upp þessa skoru. Ísinn er sjaldan meira en meters breiður stóran hluta leiðarinnar. Lykillkaflinn í leið-



inni er í 30 m hæð þar sem skoran þrengist. Oft vantar ís í þennan kafla en ágætt er að koma inn klettatryggingum í staðinn. Þegar klifrað er yfir þrenginguna (íslausa) er yfirleitt hægt að nota gras eða annan gróður til að krækja í. Þá tekur við klifur á mjög þunnum ís á vestari vegg skorunnar, sem undir ákveðnum aðstæðum getur leiðst út í strompaklifur. Ofan við er auðvelt haft upp á breiða, grasi gróna syllu. Ísinn í sjálfri syllunni er varasamur til trygginga, yfirleitt þunnur og illa frosinn við undirlagið. Mælt er með klettatryggingum í litla vegginn austan við ísrennuna. Upp á þennan stall eru nánast fullir 50m. Línan liggur áfram beint upp 10m langt snjó- eða ís- slabb að 10m háu íshafti. Uppi á brún vinstra megin við rennuna er flatur steinn u.þ.b. 1 m í þvermál sem úrvalsgott er að tryggja utan um.

Svæði:	Esjan - Búahamrar.
Leið:	Nálaraugað.
Aðkoma:	15 mín gangur úr Esjubergsnámu.
Hæð leiðar:	ca. 70m.
Klifurtími:	1 til 2 klst.
Gráða:	4. gráða.
Fyrst farin:	Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson, 29. des. 1984
Útbúnaður:	Allt þetta venjulega, ekki klikka á hnetusettinu.



Einfari í Eilífsdal

eftir Þorvald Þórsson

Einfari er falleg leið innst inni í Eilífsdal, vinstra megin við Tjaldið. Leiðin liggur upp nokkuð brattan gilskorning sem er áberandi, séður neðan úr dal. Þessi leið er af 2.-3. gráðu og er um 80 m löng, þó fer það eftir snjóalögum og árferði. Leiðin var fyrst klifin af Snævari Guðmundssyni og Jóni Geirssyni 22. nóv 1981. Aðkoman er nokkuð löng en stytta má hana með því að keyra inn eftir Eilífsdalnum ef jörð er vel frosin. Eilífsdalur er langur og leynir á sér. Það er um 40 mín. röskur gangur inn hann allan og þá er hliðin eftir sem tekur um hálf tíma.

Undirritaður var á ferð þarna við annan mann, Magnús Gunnarsson, um miðjan apríl 1993 og var þá mikill snjór í dalnum og snjóflóðahætta. Við ákváðum að fara einu færu leiðina upp að Einfara, sem er að ganga upp eftir hryggnum hægra megin við gilskorning-

inn undir leiðinni. Þetta er öruggasta leiðin upp í snjóflóðahættum. Hliðin undir Einfaranum er bæði löng og brött og vorum við talsverðan tíma að puða þarna upp sökum snjóþunga. Þegar við komum upp undir Einfarann vorum við ennþá á hryggnum og sáum Tjaldsúlurnar hægra megin við hrygginn en Einfarann vinstra megin. Tjaldsúlurnar eru þrjú mislöng en mjög skemmtileg kerti sem öll enda á sömu syllunni. Við ákváðum að lengja svolítið klifrið með því að klifra upp eina tjaldsúluna. Við fórum súluna lengst til vinstri sem var í mjög auðveldum aðstæðum svona seint vetrar. Tjaldsúlan var tekin í einni spönn og reyndist hún vera frekar létt enda orðin frekar stutt sökum snjóþunga. Eftir stutta hliðrun komum við inn í Einfarann fyrir ofan neðsta hlutann. Fyrir neðan Einfara sáum við íshaft í miðju gílinu sem gaman er að klifra áður en farið er í sjálfa leiðina. Það er auðvelt

að komast fram hjá því með því að fylgja hryggnum þangað til farið er í sjálfa leiðina. Ég hafði verið þarna á ferð haustið áður og var svo lítill snjór í Einfaranum að neðri helmingur hans var klifraður í klettum. Núna var sagan önnur. Gilið var sneisafullt af ís og snjó og gríðarlegar hengjur efst á brúninni yfir leiðinni.

Hengjan var óvenju stór og vorum við ekkert vissir um að komast upp úr Einfaranum jafnvel þótt við reyndum hliðrun til hægri út úr giliu upp við brún. Aðstæður í Einfara geta verið ærið misjafnar, allt frá léttu snjóklifri upp í nokkuð strembið ísklifur. Vinstra megin í giliu sáum við nokkur íshöft sem sjaldan eru farin en þau eru mjög skemmtileg viðbót við klifurleiðina. Fyrir miðjum Einfara, hægra megin, sáum við lóðréttan ísvegg sem myndast einstaka ár seint á veturna. Við vissum ekki til að þetta hafi verið klifrað áður og það var nær engin hengja þar fyrir ofan. Við fórum þetta afbrigði af Einfaranum og nefndum það Tvífarann. Þetta er mjög skemmtileg leið og samanstandur af um 15-20 m lóðréttu ísklifri og einni spönn af snjóklifri upp á brún. Tvífarinn byrjar um það bil 15 metrum ofan við þann stað þar sem hliðrunin fyrir ofan Tjaldsúlurnar endar.

Fyrir ofan brún tekur við flatt fjallið og er kuldinn þar oft miklu meiri heldur en rétt fyrir neðan brún. Þegar við komum í næðinginn upp á brún stökkfrusu fötin utan á okkur um leið og er óhætt að vara alla við sem ekki þekkja aðstæður; að fara varlega þarna þegar veður er vafasamt. Niðurleiðir eru tvær og ákváðum við að fara til vinstri upp á brúninni og gengum við um 50-100 m þangað til við komum að þröngu gili. Við fórum niður lengst til vinstri í giliu til að forðast snjóflóð. Þessi niðurleið reyndist vera bæði örugg og fljótleg en getur verið vandfundin fyrir ókunnuga.

Það er einnig hægt að fara til hægri þegar komið er upp úr Einfaranum og fara niður áberandi skál sem er um 500 metrum vestar. Þetta er auðrötuð leið en varasöm. Þarna falla



Formaðurinn klifur Einfarann.
Ljós.: Hirðljósmyndarinn.

oft stór snjóflóð svo full ástæða er til að fara varlega.

Einfari er stórmerkileg leið. Hún er í aðstæðum meira og minna allt árið. Hægt er að þræða mjög erfitt klifur jafn auðveldlega og létt klifur. Aðkoman er löng, leiðin er löng og svo endar hún á fjallstoppi.

- Svæði:** Esjan - Eilífsdalur.
- Leið:** Einfarinn / Tvífarinn / Tjaldsúlurnar
- Aðkoma:** Allt að 3 klst. gangur inn Eilífsdal.
- Hæð leiðar:** Breytilegt, oft um 100-300m.
- Klifurtími:** 1 til 2 klst.
- Gráða:** Mjög breytilegt eftir leiðavali, 2. til 4. Meðaltal 3. gráða.
- Fyrst farin:** Snævarr Guðmundsson og Jón Geirsson
22. nóvember 1984.
- Útbúnaður:** Hefðbundinn ísklifurbúnaður.

Ýringur

eftir Valdimar Harðarson

Utarlega í Brynjudal sunnanverðum, í næsta gili austan Flugugils, læðist yfir sumartímann niður nokkur mishá klettahöft lækur nokkur. Þessi lækur á það sameiginlegt með ófáum bræðrum sínum á þessum slóðum að umbreytast á veturna í hluta af draumaveröld ísklifrarans þ.e. ísfoss. Neðan frá vegi séð lætur hann ekki mikið fara fyrir sér. Í leiðavísi Alpaklúbbsins stendur: „Djúp gilskora í Litluhlíð, austan Flugugils, felur erfiða ísklifurleið. 2 spannar af 3. gráðu snjó- og ísklifri liggja að erfiðum 25 m háum ísfossi.“ Maður sér nokkur höft sem verða hærri eftir því sem ofar dregur og það efsta litur yfirleitt út fyrir að vera létt verk og löðurmannlegt.

Vetrardag einn árið 1995 vorum við þarna á ferð fjórir félagar úr Alpaklúbbum, Jón Haukur Steingrímsson, Guðmundur Tómasson, Guðni Bridde og Valdimar Harðarson og var það á verkefnalista dagsins að láta verða af því sem við höfðum talað um að gera í nokkur ár þ.e. að klifra fossinn með skrítna nafninu, Ýring, og töldum við að hér væri nánast um formsatriði að ræða. Þar sem við vorum fjórir á ferð klifruðum við, eins og eðlilegt er, tveir og tveir saman.

Fyrsta haftið sem er um 5-8 metra hátt klifruðum við línulausir en þegar ofar dró var ákveðið að fara að öllu með gát og klifra í línu. Þar sem neðri höftin eru fremur stutt og langir snjóstallar á milli þeirra klifruðum við á „hlaupandi tryggingum“. Í einu af þessum höftum, sem eru 3 eða 4 talsins, var Gummi svo ljónheppinn að brjóta hyrnuna á annarri öxinni sinni en það varð ekki til að tefja för okkar, allavega ekki til að byrja með.

Þegar við vorum komnir upp á stallinn fyrir neðan síðasta haftið bergmálaði í hausnum á mér það sem maðurinn sagði: „Munið að leiðirnar eru alltaf brattari og erfiðari en þær virðast.“ Þarna blasti við okkur ástæðan fyrir því að leiðin fær gráðuna 4-5. Þessir „25

metrar“ eru alls engar ýkjur og ég hugsa að minnsti brattinn í því hafi verið um 90°. Það var ákveðið, í ljósi þeirrar staðreyndar að Gummi væri bara með eina öxi, að hann gæti að sjálfsögðu ekki leitt þetta haft og það væri algerlega ótækt að við Guðni sætum ekki þarna niðri honum til samlætis. Þess vegna var Jón Haukur sendur af stað með nesti og nýja skó. Fyrstu metrarnir voru frekar illa frosnir og vatnsrennslið var ekki til að bæta úr skák. Við félagarnir létum það að sjálfsögðu ekkert á okkur fá þar sem við sátum og hvöttum Jón Hauk áfram við einleik tuðs og búkhljóða, milli þess sem nokkur vel valin fúkyrði í garð okkar hinna litu dagsins ljós.

En hálfnað er verk þá hafið er og um 1 klst. síðar var hann kominn upp og um klukkutíma síðar sátum við niðri í bíl og virtum fyrir okkur afrek dagsins. Allt í einu leit þetta haft, sem fyrr um morguninn hafði vírst svo einfalt frá þessu sjónarhorni, allt öðruvísi út frá sama sjónarhorni.

Ýringur, sem er ein af fyrstu leiðunum sem klifnar voru á þessum slóðum, og er að mörgu leyti mjög skemmtileg leið sem býður upp á allt frá einföldu snjóbrölti upp í erfitt ísklifur. Hún er aðgengileg, um 10 mín. gangur frá bíl og stutt frá bæjarmörkunum. Ráðlegg ég þó öllum sem stefna á að klifra hana að hafa það í huga að: „leiðirnar eru alltaf brattari og erfiðari en þær sýnast“.

Svæði:	Hvalfjörður – Brynjudalur.
Leið:	Ýringur
Aðkoma:	10 mín gangur af Brynjudalsafleggjara.
Hæð leiðar:	ca. 100m.
Klifurtími:	2 - 3 klst.
Gráða:	4+ / 5- gráða.
Fyrst farin:	Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson, 30. janúar 1983
Útbúnaður:	Hefðbundinn ís klifurbúnaður.

Heljaregg

eftir Snævarr Guðmundsson

Margar klifurleiðir hafa þannig áhrif að maður fer þær aftur og aftur. Þær þurfa ekki nauðsynlega að vera erfiðar og vegur þá umhverfið, landslagið og stemningin meira. Ein þeirra er leiðin Heljaregg í vesturbrúnum Esju. Hún fylgir áberandi hrygg sem endar á gnípu einni sem, frá Kjalarnesi séð, minnir helst á steðja. Slíkir fjallshryggir höfða alltaf sterkt á mig vegna þess hve rökrétt er að fylgja þeim. Það eru ekki margir kaflar erfiðir á hryggnum, enda óþarft að fara á þetta svæði til að klifra erfitt. Til þess að klifra erfitt fer maður austur á land. Landslagið er aftur á móti svo dæmigert íslenskt, bæði grjótið og gróðurinn. Samt eru ekki margir staðir á hryggnum þar sem bergið er laust og nær alls staðar má koma fyrir tryggingum.

Haustið 1984 fór undirritaður ásamt Jóni Geirssyni upp í hrygginn en þá hafði engin klettaklifurleið verið gerð á þessum hluta vesturbrúnanna. Við snérum við vegna þess hve mikill lausasnjór var á klettunum og bergið launhált. Einhverjum vikum seinna, eftir góða hlakutið, fórum við aftur enda hafði allan snjó tekið af berginu. Eftir að hafa brölt yfir lítið klettabelti gengum við skriðu að hömrnum, austanvert við hrygginn sjálfan, og klöngruðumst síðan upp á klettarið í þeim. Þar fórum við í línu þar sem erfiðara klifur var framundan. Þrjár spannar, fyrst af þriðju gráðu en síðan léttara klifur, leiddu okkur upp á hrygginn sjálfan. Var honum eftirleiðis fylgt. Fjórða spönnin var aðeins erfiðari en fyrsti hluti leiðarinnar og stutt hnefavið sprunga (4. gráða, lykilhluti) hægði aðeins förina. Taka þurfti steina og hnullunga úr henni til að koma öruggum tryggingum fyrir og síðan þurfti að tína burtu lausagrjótt ofan við í leit að föstum hand- og fóthöldum. Þótti okkur þá sprungin vera verst kaflinn enda tók klifrið og hreinsun dágóða stund. Hins vegar hefur hún hreinsast vel eftir fjölmargar ferðir klifrara á liðnum árum og er nú lítið áhyggjuefni. Næsta spönn lá upp 6 til 7 metra háan vegg með ágætum höldum en hvergi var hægt að tryggja (4. gráða). Að henni lokinni tók við brölt á nýjan



Vesturbrúnir, Heljaregg liggur upp eftir hryggnum hægra megin við gilið.

leik allt undir gnípuna eða steðjann sem fyrir var minnst á. Komast mátti upp á hana við sæmilegan leik og þótti okkur ómissandi að gera það. Sneiða má hjá henni án mikillar fyrirhafnar en þá er af miklu misst. Toppurinn er mikill og flatur en einnig fastur í sér. Auðvelt er að koma fyrir tryggingum þar uppi og síga niður eða klifra. Stöldruðum við þar um stund og hlóðum litla vörðu áður en haldið var burt. Sigum við niður í skarðið vestanvert við gnípuna og héldum síðan upp hliðina andspænis henni. Fjölmörg klettabelti mynda hana ásamt skriðurunnum syllum og er ágætis viðbót við leiðina. Á leiðinni niður fórum við svo á nálina í giliinu austan við Heljaregg en það er nú önnur saga.

Svæði: Esjan - Vesturbrúnir.

Leið: Heljaregg.

Aðkoma: Um 1. klst. frá Skrauthóli.
Lengd leiðar: 250m.
klifurtími: 2 til 3 klst.
Gráða: 4. gráða
Fyrst farin: Snævarr
Guðmundsson og Jón
Geirsson 17. nóv. 1984.

Útbúnaður: Hefðbundinn klettaklifurbúnaður, óhætt er að sleppa túttunum.

Skessuhorn – Vesturgróf

eftir Karl Ingólfsson

Við Tómas Júlíusson spenntum skíða-stubbana á bakpokana og skæddumst broddum í þeirra stað. Yfir okkur gnæfði helblá Vesturgrófin. Leifur Svavarsson kom mäsandi upp til okkar skíðalaus og tautaði: „Ætluðuð þið ekki upp þennan hól á stubbunum?“. „Ætli það“, svaraði Tommi. „Þetta er a.m.k. King 3000 leið“.

Við hófum klifrið; vinaleg þriðju gráðu íshöft, snjóbrekkur eða ísláar tengdu höftin saman. Í breytilegri leiðslu og lítilsháttar á hlaupandi tryggingum, börðum við okkur upp vegginn í glampandi vetrarsól. – Tóm hamingja!

Meðan einn leiddi var sögustund hjá hinum tveim, eingöngu trufluð af ísmolum sem annað slagið ultu frá sporgöngumanni. Í fjallakyrriðinni mátti einnig heyra jóðlið í Árna Tryggvasyni, sem ásamt Snævari og Olla var að klifra geilina norðan Rífs. Þeir félagarnir höfðu verið okkur samferða frá Hreppslaug.

Við drukkum te, sleiktum sól og snjó og allt útlit var fyrir tíðindalítið klifur, þar til í efstu spönninni, að ég braut gömlu góðu Curver ísöxina mína. Það var ljótan! Gamli-Rauður hafði verið traustur félagi í 13 ár og fyrir löngu orðinn safngripur, með löngu, bröttu niðurbognu blaði og tilheyrði einni fyrstu kynslóð nothæfra ístóla. En ekki dugði að gráta Gamla-Rauð, þó að á blaðið vantaði eina fimm sentimetra, heldur berja honum inn af enn meiri krafti en áður.

Órfáum hreyfingum seinna, en þess fleiri formælingum, hrökk Gamli-Rauður út í miðri sveiflu á hamrinum. Þar með var ég dottinn. Í fallinu sá ég fyrir mér brotinn ökkla, tagnaðan heila og blæðandi nef, næðu broddarnir að bíta snöggt í ísinn. Sem betur fer féll ég í bratt-

asta kaflanum og með höfuðið á undan og á eftir því dönsuðu skaflajárnaðir limirnir, og reyndust óskemmdir.

Ég sór þá að geld'ann G...a-Rauð.

Ég tók þá strákana upp þar sem ég stöðvaðist og kláruðu þeir leiðina og slökuðu til mín ístóli í annarri línunni. Á brúninni beið mín gamalkunnugt negraglottið á Leibba, þar sem hann sat flötum beinum á brúninni, baktryggður af Tomma.

Stuttu seinna kom Árni Tryggva upp á brúnina ekki síður sólheimabrosandi og sagði lafmóður; „Ég hefði drepist úr adrenalínetrúnum ef leiðin hefði verið lengri“, bætti síðan við að annar vettlingurinn hans Olla hefði dottið niður nær alla hliðina „en það hefði verið eigandinum til lífs að hafa ekki verið í vettlingnum“!

Við Tommi skíðuðum vestur í sólarlagið um skarðið milli Skessuhorns og Skarðshorns sem við gráðuðum þegar í stað King 1000, þ.e. vel fært á skíðum!

Allt of fljótt vorum við komnir niður að bíl og óskuðum þess eins að leiðin hefði verið lengri.

Hreppslaugin var 35 °C!

Svæði: Skarðsheiði - Skessuhorn.
Leið: Vesturgróf
Aðkoma: Gengið frá bænum Horni í um 1-1,5 klst. í Katla og þaðan að Skessuhorni í um 1 klst. Einnig er hægt að aka gamla Skarðsheiðarveginn þegar færi er en það getur stýtt göngu um 1/2-1 klst.
Lengd: ca 8 spannar.
Klifurtími: 2-4 klst.
Gráða: 3.- 4. gráða.
Fyrst farin: Helgi Benediktsson og Arnór Guðbjartsson. 5. maí 1982.
Útbúnaður: Fullkominn ísklifurbúnaður og skíði fyrir niðurferðina.

Gerist félagar á afmælisárinu



Gerist félagar í Ferðafélagi Íslands og njótið þess sem félagsmönnum býðst, svo sem afsláttar af helgar- og lengri ferðum, gistingu í 36 sæluhúsum, glæsilega árbók, auk annarra fríðinda. Á árinu verða afmælisferðir á góðum kjörum til félagsmanna og fjölskyldna þeirra. Árgjaldið er 3.400 kr. Árbókin 1997 er 70. árbók Ferðafélagsins og fjallar í máli og myndum um fjalllendið milli Mýra og Dala. Árbók 1996 fjallar um svæðið ofan Hreppafjalla milli Hvítár og Þjórsár.



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6, 108 Reykjavík
sími: 568 2533 fax: 568 2535

Eignist eldri árbækur
Ferðafélagsins, einstök
heimildarit um landið.
Kynnið ykkur ennfremur
önnur útgáfurit félagsins.
Nýverið kom út fræðslurit
um Hengilssvæðið.
Hafið samband við skrifstofuna
og leitið nánari upplýsinga.

Félagsstarf Ísalp

Umsjón: Elín Sigurðardóttir og Valgeir Ægir Ingólfsson



Frá árshátíð 1996. Leggjabrjótur? Ljóm: Salbjörg Óskarsdóttir.

Ferðir

Múlafjall

Árleg ísklifurferð var farin í Múlafjall í janúar. Ný blönduð „mixuð“ leið var farin, Pabbaleiðin. Þátttakendur í ferðinni voru átta talsins og umsjónarmaður var Þorvaldur Þórsson.

Hrútfjallstindar

Farið var í lítið spennandi ferð á Hrútfjallstinda um hvítasunnuhelgina. Þátttakendur voru þrír og umsjónarmaður var Árni Eðvaldsson.

Hvítasunnuhelgi

Þrátt fyrir ferð Alpaklúbbsins á Hrútfjallstinda, tóku félagar klúbbsins frekar mið af veðurspá fyrir helgina og fjölmenntu á Snæfellsnesið. Þar dvöldu menn síðan í góðu yfirlæti við ástundun kletklífurs og skíðamennsku.

Klettaklifurmót

Sumarið 1996 verður að teljast gott klífursumar enda stóð það vel fram undir mánaðamót september-október. Klettaklifurmót var haldið í byrjun júlí á Hnappavöllum. Þátttaka var góð og mikið klifrað í þokkalegu veðri.

Hellaferð

Hellaferð á Lyngdalsheiði var farin í nóvember og tókst með

ágætum. Tveir hellar, Tvíbotni og Gjábakkahellir, voru kannaðir til hlítar. Þátttakendur voru átta og umsjónarmaður var Ólafur Ragnar Helgason.

Myndasýningar

Myndasýningar ársins voru sérstaklega vel sóttar. Stærstar voru myndasýningar frá leiðangri Björns Ólafssonar, Einars Stefánssonar og Hallgríms Magnússonar á Cho Oyu sem yfir 600 manns sáu, og sýning Einars Torfa Finnsónar frá ferð hans yfir Grænlandsjökul, en þangað mættu yfir 200 manns. Báðar þessar sýningar voru haldnar í Háskólabíói. Sýningar sem haldnar voru í húsnæði klúbbsins voru ekki síður vinsælar

þó ekki teljist gestafjöldinn í hundruðum. Þess má einnig geta að miðvikudagskvöldin urðu vinsælli eftir því sem á árið leið og eru greinilega góður vettvangur fyrir fjallafólk og klettaklifrara að hittast og bera saman bækur sínar.

Skemmtanir

Árshátíð

Árshátíðin var haldin í byrjun febrúar að vanda. Umsjónarmenn og kokkar voru Valgeir Ægir Ingólfsson og Þórarinn Pálsson og stóðu þeir sig vel eins og við var að búast. Að loknum vel útlátnum kvöldverði voru stórskemmtileg skemmtiatriði umsjónarmanna að ógleymdum hinum árlega stólaleik sem Ingimundur Stefánsson sigraði. Matargestir voru 38 en alls voru árshátíðargestir um 70 talsins.

Jólaglögg

Hvaða jólaglögg? Það var jú jólaglögg, ákaflega illa sótt enda komið nálægt jólum. En þrátt fyrir fámennið, alls 35 þátttakendur, var áberandi góðmennt og allir skemmtu sér hið besta.

Bókagjöf

Í september hittust klúbbfélagar á Gauki á Stöng til að heiðra leiðangursmenn á Cho Oyu með áritaðri bókagjöf. Bókin sem hver þeirra félagar fékk að gjöf var



Einar, Hallgrímur og Björn ásamt Páli formanni.

„Himalaya Alpine Style“ eftir Andi Fanshawe og Stephen Venables. Eitthvað urðu þeir félagar hvumpnir og spurðu hvort heiti bókarinnar hefði einhverja sérstaka meiningu. Fjöldi félaga mætti og úr varð góð skemmtan.

Skálar

Bratti

Engin formleg vinnuferð var farin í Bratta á árinu en úr því verður bætt á nýju ári. Er mál manna að forynjur eigi þar nú öruggt húsaskjól. Er reimleiki orðinn svo rammur að nöfn eru farin að festast á sumum þeirra. Sýnu verst er talin Klifur-Klækja. Hún birtist í anda huggulegrar meyar sem geislar af fegurð og fær til lags við sig ógæfusama og óreynda fjallamenn. Er full ástæða til að fara að öllu með gát. Annars er skálinn í góðu lagi og mætti notast meira.

Tindfjallaskáli

Sagan segir að í byrjun október hafi Guttormur B; oft nefndur hinn Baldni farið ferð með fjölskyldu sína og þræla er hann keypti fyrir silfrið sem vígamenn hans höfðu haft úr víkingi. Farið var sem leið lá til fjalla þeirra er kennd eru við tinda. Hreppu Guttormur og fylgdarlið hans hið versta veður og varð ekki komist á áfangastað fyrr en hálfum mánuði síðar. Höfðu þá skepnur fallið úr hor nema hestur Guttorms, Seinfari, hafði komist að höll þeirri er kennd er við klúbb nokkurn sem dregur nafn sitt af öðrum hærri fjöllum, Ölpum. Segir ekki af Seinfara fyrr en Guttormur finnr hann þar með öll þau kol sem duga skyldu fyrir vetur komanda. Urðu með þeim fagnaðarfundir, hneggjaði Seinfari hátt er hann varð húsbónda síns var og er ekki laust við að Guttormur hafi fundið til gleði. Góð leiga hefur verið á skálanum og fær Grundartangi bestu þakkir fyrir kolin. Guttormur vill vekja athygli á að þar sem flest-

ir hans þrælar eru flúnir eða týndir vantar alltaf fleiri hendur því ekki brann Róm á einni nóttu.

Námskeið

Snjóflóðanámskeið

Námskeiðið var í umsjón Jökuls Bergmanns og var vel sótt, 22 mættu á vísiteringu en 13 sóknar börn til verklegrar vísiteringar. Flutt voru guðspjöllin um mat á snjóflóðahættu, leiðarval og brúkun „ýlunar“ eins og fjölmiðlar vilja kalla ýlinn. Virðist vera sem þetta námskeið sé að vinna sér fastan sess í starfi klúbbsins og veit það á gott eitt. Guð blessi Jökul.

Telemarknámskeið

Veður voru válinð þá helgi í febrúar er Hallgrímur Magnússon reyndi að fá fólk til að „la det swinge“ eða þilja eins og hann Eldar reyndi að heimfæra á okkar ylhýra. Hengilssvæðið var lokað en samt stormaði Grímur með fjögur fórnarlömb í eftirdragi og var glímt við barnalyftur svæðisins. Vöktu bakföll leiðbeinandans mikla lukku og fljótlega fóru namar að ná betri og betri tókum á þeim tókum er tekin voru. Samsagt hið sérvitra og göfuga skíðalag er kennt var verður æ stærri hluti af þjóðarvitund okkar.

Klifurkeppnir

Sú nýlunda var tekin upp í tengslum við árlega klifurkeppni að haldnar voru tvær undankeppnir og úrslit úr þeim réðu því hverjir fengu þátttökurétt í lokakeppninni sem haldin var að vanda í húsakynnum Björgunar-sveitarinnar Fiskakletts í Hafnarfirði. Umsjón þeirrar keppni var í höndum Þórarins Pálssonar og Pálma Mássonar. Hinar keppnirnar voru haldnar í húsnaði FBSR, þar sem Stefán Steinar Smáráson var umsjónarmaður og í húsnaði HSSK í umsjón Björns Baldursonar.



Sem fyrr var öflugt félagsstarf á Hnappavöllum í sumar.

Ljós: Jón Haukur

Undankeppni í húsi FBSR

Karlaflokkur

- 1 Björn Baldursson
- 2 Árni Gunnar Reynisson
- 3 Ásmundur Rúnar Ívarsson

Kvennaflokkur

- 1 Anna Lára Steingrimsdóttir
- 2 Elísabet Kristjánsdóttir
- 3 Erla Björk Jónsdóttir

Undankeppni í húsnaði HSSK

Karlaflokkur

- 1 Árni Gunnar Reynisson
- 2 Jökull Bergmann
- 3 Stefán Steinar Smáráson

Kvennaflokkur

- 1 Elísabet Kristjánsdóttir
- 2 Sigrún Pétursdóttir

Íslandsmeistarakeppnin í Fiskakletti

Karlaflokkur

- 1 Björn Baldursson
- 2 Stefán Steinar Smáráson
- 3 Árni Gunnar Reynisson

Kvennaflokkur

- 1 Elísabet Kristjánsdóttir
- 2 Anna Lára Steingrimsdóttir

Fréttapistill

Umsjón: Þorvaldur Þórsson, Árni Gunnar Reynisson,
Tómas Grønvaldt Júlíusson og Jón Haukur Steingrímsson.

Fréttapistillinn greinir að þessu sinni frá því markverðasta sem umsjónarmenn hafa frétt af á tímabilinu apríl 1995 til september 1996. Jafnframt eru nokkrar fregnir úr klettaklifrinu frá sumrinu 1994. Fjölmarginn hefur að vanda drifið á daga í íslenskri fjallamennsku og þar ber hæst fjallgöngu þremmenningana á Cho Oyu sem telst mesta afrek Íslendinga í háfjallamennsku enn sem komið er. Annar Íslendingur tók þátt í þýskum Himalayaleiðangri og fjölmargir hópar fóru í Alpana. Ísklifurtímabilið þótti í daprara lagi þó að nokkrar nýjar leiðir væru farnar. Hins vegar kvörtuðu klettaklifrarnar lítið og voru iðnir við að klifra nýjar leiðir.



Hálka á stöku stað í *Smear of Fear (Diamond)*.

Ljósm: Úr safni GHC

Fjallamennska

Útlönd

Himalaya

Eins og kunnugt er tókst þeim félögum Einari K. Stefánssyni, Hallgrími Magnússyni og Birni Ólafssyni, fyrstum Íslendinga, að ná 8000 metra fjallstindi síðastliðið haust. Fjallið var Cho Oyu og fóru þeir Tibetmegin á það. Voru þeir þátttakendur í breskum leiðangri undir stjórn mjög reynds fjallamanns, Jon Tinker að nafni. Tinker þessi á fjölmarga Himalayaleiðangra að baki og hefur m.a. komist tvisvar á Everesttind. Tuttugu fjallgöngumenn tóku þátt í leiðangrinum og þeim til aðstoðar voru sjö Sherpar. Alls tók þá félagi um 19 daga að ná tindinum frá aðalbúðum í 4800 m hæð og þar stóðu þeir 2. október 1996. Má telja það mikið afrek að þeir hafi allir náð toppnum því aðeins 2 af hverjum 5 leiðöngum sem þangað stefna, ná að koma mönnum á hátindinn. Auk þeirra komust á toppinn leiðangursstjórninn Jon Tinker, David læknir, Nicolai aðstoðarleiðangursstjóri og Sherparnir Babu og Lama. Um ferðina má lesa í grein Hallgríms Magnússonar hér í blaðinu.

Ari Trausti Guðmundsson tók þátt í þýskum leiðangri á fjallið Shisha Pangma, sem er 8047 m á hæð, í maí og júní síðastliðnum. Hópnum var ekið í aðalbúðir en þaðan er um 40 km leið í framstöðvar (advanced base camp) sem eru í 5700 m hæð. Búðir 1 voru settar upp í 6400 m og búðir 2 í 7000 metrum. Slæmt veður og knappur tími gerði það að verkum að Ara Trausta tókst ekki að komast á toppinn en það tókst hins vegar einum leiðangursmanna, sextugum Þjóðverja. Nánar um leiðangur Ara Trausta í blaðinu.

Bandaríkin

Í byrjun september héldu þeir félagar Árni G. Reynisson, Björn Baldursson, Stefán Smáráson og Þórarinn Pálsson í níu vikna reisu til Bandaríkjanna þar sem þeir klifruðu á einhverjum álitlegustu klettaklifursvæðum þarlendrar. Mest héldu þeir til í Colorado, Kaliforníu- og Kentuckyfylkjum. Þar klifruðu þeir m.a. í Rifle, á hinum fallegu granitnálmum í Needles, sandsteinssvæðinu Red river og New river gljúfri. Í blaðinu er grein um ferðina, rituð af Þórarni Pálssyni.

Guðmundur Helgi Christensen hefur verið búsettur síðustu ár í



Árni Gunnar að sækja geiturnar, (karlinn í brúnni).
Ljósm: úr safni Árna Gunnars.

Boulder, Colorado en þar hefur hann stundað fjallamennsku og klifur af kappi. Svo vel hefur honum orðið ágengt að nú keppist hann á móti ekki minni mönnum en Lowe frændunum og öðrum fremstu klifurum Bandaríkjanna við að ná fyrstu uppgöngum í erfiðustu ísklifurleiðunum þar í landi. Hér verða nefndar nokkrar leiðir: Sundevil Chimney á Titan, 5.9 og A3+, sjö spanna leið. Þessi leið er á stærsta turninum í svokölluðum Fisher towers, sem eru turnar úr óvenjulega lausu og morknu bergi; sannkallaðri drullu. Turnarnir eru við fylkjamörk Colorado og Utah. Í is klifraði hann Secret Probation sem er gráðuð M7 (M stendur fyrir „mixed“ eða blandað klifur), All mixed up, meðal annars með Birni Ólafssyni, Octopussy M8 sem hann fór þrisvar sinnum síðasta vetur, Octowussy M8 sem er afbrigði af fyrrnefndri leið og Aberrant behavior M7. Í Kanada klifraði hann leiðir eins og Weeping wall, sem er gráðuð W5 (W stendur fyrir Water ice), kleif hann 160 m afbrigði hægra megin í fossinum; Professor fall W4, 280 m; Polar circus W5, 700 m sem hann einfór; og Nemesis W6, leið sem er 160 m löng. Hana einfór Guðmundur Helgi einnig. Sjá grein Guðmundar Helga hér í blaðinu.

Alpar

Viðar Þór Hauksson og Dagur Halldórsson fóru til Chamonix síðastliðið sumar, í ágústmánuði. Þeir byrjuðu á að fara Voie Rébuffat TD sem er 200 m. Vegna rigninga var haldið til Buoux í Suður-Frakklandi og þar voru klifraðar nokkrar leiðir af gráðu 5-6c. Þaðan var haldið til Volx þar sem þeir klifruðu leiðir af gráðu 6a-6c. Næst lá leiðin á ný til Chamonix og þaðan upp í Envers skálann en hann er umkringdur aragrúa glæsilegra klettatinda með leiðum af öllum gráðum sem snúa á móti suðri. Þar klifruðu þeir Tour Verte Le Piège TD 200 m, Tour Rouge Le Marchand de Sable TD 300 m og

Little Yosemite Elle du Faire ED 80 m. Þá hófst enn eitt regntímabilið þó með eins dags hléi sem notað var til að ganga á Mont Blanc frá Aig. du Midi. Þá leið hafa Íslendingar verið iðnir við að fara á undanförunum árum. Undir lok ferðar skutust þeir til Presles og klifruðu þar leiðir af gráðu 6a-7a.

Síðastliðið sumar lögðu Júlíus Gunnarsson, Símon Halldórsson, Valgarður Sæmundsson og Örvar A. Þorgeirsson leið sína í Alpana, nánar tiltekið til Chamonix. Fyrsta leiðin sem varð fyrir valinu var Midi-Plan leiðin en markmiðið með henni var ná hæðaraðlögun. Næst var farin hin sígilda leið upp NNA-hrygg Aiguille du L'M (gráða D-), sem fengið hefur viðurnefnið Lumman uppi á Íslandi. Þar fengu þeir að kynnst þessari skemmtilegu „traffik“ sem oft myndast í vinsælum klifurleiðum. Því næst var haldið í sportklettaklifur til Arco á Ítalíu vegna mikilla rigninga í Chamonix. Þar voru klifnar leiðir af gráðu 6a. Eftir 5 daga í Arco var haldið aftur til Chamonix og Aiguille du Peigne klifin eftir SA hrygg, TD. Þeim til ánægju og yndisauka misstu þeir af kláfrum niður til Chamonix og urðu því að fara þangað fótgangandi í dæmigerðu Alpa-þrumuveðri. Eftir þessar mannraunir ákváðu fjórmenningarnir að fara á flakk. Þeir fóru til Les Calanques í S-Frakklandi, þaðan til Buoux þar sem



Kristján Hólmar skóflast upp austurvegg Skarðatinds í Öræfum.

Ljós: Guðmundur Tómasson.

stoppað var í þrjá daga til að klifra og síðan aftur til Chamonix. Þar enduðu þeir á að fara Midi leiðina á Mont Blanc, en Grand Mulets leiðin var valin niður.

Guðmundur Tómasson, Birgir Hauksson og Eiríkur Einarsson voru í Ölpunum í júlí síðastliðnum. Þeir byrjuðu á 350 m ísleið í Mont Blanc du Tacul sem heitir Cherer Couloir D- /D. Leiðin liggur upp ísrennu hægra megin á norðanverðum þríhyrningnum, þ.e.a.s. sem snýr að kláfstöðinni. Þeir lentu í vandræðum í erfiðasta kaflanum, þar sem franskir leiðsögumenn tepptu alla umferð með al-kunnri franskri fjallamannakurteisi. Eftir þennan góða dag í Chamonix var slæm spá fyrir næstu daga. Því var farið til Buoux þar sem þeir voru í þrjá daga og klifruðu fimmtán leiðir frá 4b til 6b. Á öðrum degi lentu þeir í þrumuveðri sem leiddi af sér ævintýraferð um skóga Buoux innan um rósarunna,





Ítalskt teymi að klára Norðurveg Cima Grande. Ljós.: Ásmundur Ívarsson.

ausand, læki og krókastíga. Þegar þeir komu aftur til Chamonix heyrðu þeir leiðinlegar fregnir en 8-9 manns höfðu látið lífið í fjöllum í veðrinu. Guðmundur og Eiríkur reyndu síðan við leiðina 3rd. central spur á norðurveg Aig. du Midi en vegna mikilla snjóá snéru þeir við eftir 400 m klifur. Næst fóru allir þrír leiðina Voie du Gambert sem er 170 m löng D leið á Tour Grouches. Sá tindur er í fjallgarðinum norðan við Chamonix, ofan við bæinn Index. Guðmundur og Eiríkur klifruðu einnig Rebuffat leiðina á suðurhlíð Midi. Að því loknu fóru þeir yfir að Brenva hlið Mont Blanc og ætluðu að fara Red Sentiel. Þegar þeir voru komnir í gilkjafinn kom snjóflóð niður í gilið við tærnar á þeim. Sem von er hörfuðu þeir í skyndi yfir á Brenva hrygginn og ákváðu að fara hann frekar, sem þeir og gerðu. Að lokum klifruðu Eiríkur og Guðmundur Aig. du Pouché 2873 m sem er einnig ofan við Index. Leiðin sem þeir fóru var Voie du Français, 400 m TD+ leið.

Frést hefur af tveimur öðrum

leiðöngurum í Alpna en því miður tókst fréttariturnum ekki að fá frekari fregnir af þeim.

Frakkland

Á haustdögum 1995 fóru Björn Baldursson og Þórarinn Pálsson í sína árlegu ferð erlendis og í þetta skiptið var haldið til Suður-Frakklands. Fyrst var brunað til Ceuze og klifrað á þessu stórglæsilega svæði í tvær vikur. Þar fór Björn leiðir eins og Privilege de Serpent 7c+ og Vagabond 7c í sinni fyrstu atrennu. Þórarinn fór Super Mickey 7b til 7b+ og einnig voru klifnar fleiri léttari og skemmtilegar leiðir. Síðan lá leiðin niður eftir til Volx þar sem Björn reyndi við Plafond 8c en gekk ekki sem skyldi. Einnig voru klifnar þar leiðir á bilinu 7a til 8a. Seinni hluta ferðarinnar var eytt á svæði sem heitir Canal og þar fór Björn leiðir á bilinu 7c til 8a og Tóti fór eina 7b til 7c, einnig fóru þeir fleiri góðar leiðir á því svæði. Eftir þetta var brunað aftur til Lux með smá stoppi á sportsvæði rétt hjá Presles og svo haldið heim í rigninguna.

Spánn

Guðmundur Jóhannsson og Símon A. Hermannsson dvöldu á

Spáni frá febrúar til maí 1996 við klettaklifur. Þeir fóru til tveggja staða, Sella og El Chorro. El Chorro er lítið fjallaþorp þar sem örstutt er í aragrúa klifurleiða og Sella er staður í nágrenni við Benidorm með fjöldann allan af leiðum af gráðu 5.8-5.12.

Grænland

Sumarið 1995 fóru Jón Viðar Sigurðsson og Unnur Svavarsdóttir til Grænlands og gengu þvert yfir Nuussuaq-skagann sem skilur að Diskó-flóa og Ummannaq-fjörð. Frá bænum Ikerasak var þeim skutlað á bát yfir að stað sem heitir Kugssup Nua á norðurströnd Nuussuaq. Þaðan lá leiðin, sem er um 80 km löng, þvert yfir fjalllendið á innanverðum skaganum til Saqqaq við Diskó-flóa. Þau fengu frábært veður og leiðin var að mestu þægileg en þó þurfti að vaða nokkrar ár og klöngrast yfir fjallgarða. Frá Nuussuaq lá leið þeirra suður á Diskóeyju en þar gengu þau meðal annars á Lyngmarks-jökul. Ári síðar eða sumarið 1996 voru Jón og Unnur aftur á ferð í Grænlandi ásamt Þorsteini Hannessyni og Karólinu Eiríksdóttur. Þau lögðu leið sína í Ummannaq-fjörðinn þar sem mestur tími fór í gönguferð um



Rómantiskir Kópavogsskátar á 'Ströndum. Frá vinstri: Björgvin, Valdimar, Birgir, Katrín, Sigrún og Guðni. Ljós.: Garmur.



„Pabbi mér er kalt“ Jökull biðvakir í Bonoetti Pillar. Ljós.: Ásmundur Ívarsson.

eyjuna Nuugaatsiaq, sem er norðarlega í firðinum og um 600 km norðan heimskaupsbaugs. Genginn var hringur um hálendi eyjunnar en einnig klifu þau Snæhettu sem er hæsta fjall eyjunnar, 1765 m hátt. Aðeins er vitað um tvær aðrar uppgöngur á tindinn. Eyjan reyndist hin skemmtilegasta og náttúrufegurð einstök. Frá Ummannaq héldu Þorsteinn og Karólína heim en Jón og Unnur ferðuðust áfram norður á bóginn, allt til Kullorsuaq sem Danir kalla „Djevelens tommelfinger“. Þumalinn var þó ekki klifinn í það skiptið. Ferðin tók alls 4 vikur.

Einar Torfi Finnson gekk við þriðja mann þvert yfir Grænlandsjökul síðastliðið vor. Þann 27. apríl hófu þau gönguna upp Hahn jökul á austurströndinni og komu niður 24 dögum seinna í Syðri-Straumfirði. Ferðin gekk vel utan þriggja daga tafar vegna veðurs í fyrri hluta ferðar. Þetta er í annað sinn sem að Íslendingar ganga þessa leið. Þess má geta Franco, félagi Einars úr túrnum, reynir nú allt hvað hann getur til að plata Einar með sér á Suðurpólinn og hefur þegar fundið stórsnjalla fjáröflunarleið fyrir hann. Það eina sem Einar þarf að gera er að selja 2000 sérsmiðuð fjallareiðhjól sem vinur Franco á Ítalíu framleiðir og þá er hægt að hefjast handa við Pólarfór. Einar lætur þetta hins

vegar hafa lítil áhrif á sig en fylgist samt spennur með nýum afbragðs góðum hugmyndum karlrembusvínsins um fjáraflanir til heimskaufarða. Sjá nánar grein Einars Torfa hér í blaðinu.

Ísklifur veturinn 1995-1996

Norðurland

Kinnin

Glassúr er nú 45 m leið í Kinninni. Leiðin er norðarlega í kletta-

beltinu, nálægt sjónum og gráðast 4+. FF: Karl Ingólfsson, Jóhann Kjartansson og Hallgrímur Magnússon, 23. desember.


Skiðadalur

Super Dupoint er ný leið í Skiðadal en hún er nefnd eftir frönskum félaga klifraranna Ásmundar og Jökuls, honum Romanic Dupoint sem lést síðasta haust við klifur í Buoux í Frakklandi. Leiðin er í fjallinu Stóli sem skilur að Svarfaðardal og Skiðadal, í gili ofan við bæinn Dæli. Leiðin er all glæsileg og um 250 m löng. Hún samanstendur af 30 m íshafti af 4. gráðu og tveimur 40 m háum frístandandi kertum. Er hún af 5. gráðu. FF: Jökull Bergmann og Ásmundur Ívarsson, 31. des, 1995.

Suðvesturland

Glymsgil

Spönnin er leið vinstra megin framarlega í Glymsgilinu en ekki er vitað með vissu hvort um sé að ræða fyrstu uppferð. Leiðin er kerti af gráðu 4+ til 5- og er lengdin 30-40 m. Var leiðin kölluð Spönnin. FF: Þorvaldur Þórsson og Björn Ólafsson, 26. desember 1995.



Fitzroy.

Ljós.: Sigríður Ragna Sverrisdóttir



Á ísbreiðunni.

Ljós.: Sigríður Ragna Sverrisdóttir.

Hvalfjörður

Pabbaleiðin er ný leið í Múlafjalli en hún er við hliðina á Íste. Leiðin byrjar í um 7 m slútandi klettum þaðan sem hliðrað er út á fríhangandi ískerti. Þaðan er klifrað nærri lóðrétt upp um 30 m á brún. Í efsta hluta leiðarinnar var þunnur ís og á brúninni beið þeirra hengja. Ísklifrið gráðast 4. gráða og



Tómas Júlíusson paufast upp Íste í Múlafjalli.

Ljós.: Helgi Borg.

klettaklifrið 5.6. FF: Páll Sveinsson og Þorvaldur Þórsson, 18. febrúar 1996.

Skarðsheiði

14,25 er ný leið í botni Villingadals. Þar eru þrír ísfossar hlið við hlið. Þegar Skarðsheiðarleiðarvísirinn var gefinn út á sínum tíma var aðeins búið að klifra þann sem var lengst í austur af fossunum þrem, og var hann númer 14 í leiðarvísinum. Fossinn lengst til vesturs var síðar klifraður og nefndur 14,5. Þar með er eðlilegt að nefna miðfossinn 14,25. Þarna voru á ferð Sigursteinn Baldursson og Guðmundur Eyjólfsson síðasta vetur.

Suðurland

Höfðabrekkuhamar

Fyrir austan Vík í Mýrdal, í Höfðabrekkuhamri, sem er við þjóðveginn, voru klifnir tveir fossar um 50 m háir sem standa hlið við hlið. Bera þeir heitið Knoll og Tott. FF: Dagur Halldórsson og Viðar Hauksson, 30. desember 1995.

Öræfi

Guðmundur Tómasson og Kristján Hólmar Birgisson klifruðu austurvegg Skarðatinds í vikunni fyrir páska. Þetta er í þriðja sinn sem veggurinn er klifinn. Aðstæður voru ágætir. Mikill snjór var reyndar í hvelvingunni en annars var góður ís í leiðinni. Í lykilkafan-

um, þ.e. efsta fossinum, var nógur ís en mjög kertaður. Ferðin hjá þeim tók töluverðan tíma en þeir lögðu af stað klukkan tíu um morguninn, náðu toppnum í myrkri og ekki niður í tjald fyrr en eftir 21 tíma ferðalag.

Austurland

Reyðarfjörður

Karl Ingólfsson og Ólafur Grétar Sveinsson fóru í Reyðarfjörð sunnanverðan og klifruðu í gili þar sem Fossá í Fossdal rennur. Þar klifruðu þeir 3ja spanna leið sem þeir gráðuðu 3 - 3+. Þarna eru margar leiðir af þessari erfiðleikagráðu og ennfremur er hægt að finna talsvert erfiðari leiðir ef leitað er víðar í fjöllum þarna í kring.

Vestfirðir

Nokkur hópur Ísfirðinga leggur nú stund á ísklifur þar vestra og ekki þurfa þeir að leita langt til að komast í ísinn. Í Eyrarfjalli, sem er fyrir ofan byggðina, eru þeir búnir að fara margar stuttar blandaðar leiðir af 3. - 5. gráðu og í Naustahviltinni, sem er fyrir ofan flugvöllinn, hafa þeir farið nokkrar þriggja til fjögurra spanna leiðir af sömu gráðu. Einnig hafa þeir klifrað í Óshlíðinni fjölspanna leiðir af ýmsum gráðum.

Klettaklifur

Sportklifurfélag Reykjavíkur

1. maí 1996 var formlega stofnað félag sem ætlað er að standa vörð um sportklifur á Íslandi og stuðla að eflingu þess. Félagið hlaut nafnið Sportklifurfélag Reykjavíkur (SKFR). Aðdraganda að stofnun félagsins má rekja til ört vaxandi áhuga á sportklifuríþróttinni þar sem keppnir hafa sett sífellt meiri svip á hana. Sem dæmi um það er að meistaramótíð er þegar orðinn árlegur viðburður. Nú er svo komið að fjöldi manna stundar æfingar allan ársins hring og samfara því verður sífellt brýnna að koma upp viðunandi æfingar- og keppnisaðstöðu

sem ýtt getur undir vöxt greinarinnar hér á landi. Markmið félagsins eru, eins og segir í 3. grein laga þess, að iðka sportklifur, innanhússklifur og standa fyrir keppnisfótum í þessari íþrótt, að glæða áhuga á þessari tegund klifurs, koma á fót og reka æfingaaðstöðu í Reykjavík, að styðja samstarf milli sportklifurfélaga innanlands sem og á alþjóðavettvangi.

Noregur

Haustið '95 fóru þeir Björn Baldursson og Árni Gunnar Reynisson til Noregs til að taka þátt í fyrsta opinbera Norðurlandamótiinu í veggjaklifri sem haldið var í glæsilegum vegg í Ólympíuhöllinni í Lillehammer. Keppnin stóð yfir í tvo daga og komust þeir báðir í 16 manna úrslit, þar sem Árni hafnaði í 13. sæti en Björn komst áfram í lokaúrslit. Eftir harða baráttu féll Björn einu gripi frá lokatöki og hafnaði í 3. sæti.

Danmörk

Eftir að þeir Árni Gunnar Reynisson og Björn Baldursson komu úr klifurtúr frá Bandaríkjunum héldu þeir til Danmerkur með styrk Ferðaskrifstofu stúdenta og Skátabúðarinnar. Þar var haldið í annað sinn norðurlandamót í veggjaklifri í úthverfi Kaupmannahafnar og höfðu báunarfengið engan annan en Robyn Ebersfield til að setja upp keppnisleiðirnar. Eftir fyrri dag í keppni hafnaði Árni í 9. sæti en Björn í 19. Seinni daginn hafnaði Árni í 17. sæti. Eftir keppnina var mikill hugur í keppnishöldurum að breyta fyrirkomulagi keppinnar og halda nokkrar keppnir sem gefa stig til Norðurlandameistarátittils.

Ísland

Suð austurland Hnappavellir

Á Hnappavöllum hafa nokkrar leiðir bæst við tvö síðustu sumur eftir að leiðarvísir yfir svæðið kom út 1994. Flestar leiðir hafa bæst við í Vatnsbólinu en þær eru:



Ísalp félagar á toppi Skessuhorns eftir góðan dag, takið eftir eskimóanum sem laumaðist með. Frá vinstri: Ívar, Dagur, Björn, Elín, Hallgrímur, Geir, Sigursteinn, Helgi og Tómas. Ljós.: Helgi Borg.

1. Uxinn 5.11a boltuð lína vinstramegin við Sláturhúsið. FF: Björn Baldursson og Stefán Steinar Smáráson, ágúst 1995. Sláturhúsið var svo farið af BB í apríl 1995.



Ísfirðingar gera það gott. Sauratindur ofan Súðavíkur, þarna er að finna 2. til 3. spanna klettaklifurleiðir og eitthvað af snjó- og ísleiðum. Ljós.: Rúnar Karlsson.

2. Leynardómur slátrarans 5.10c. Boltuð lína hægra megin við Svart regn. FF: Stefán Steinar Smáráson, júlí '95.

3. Sírenur 5.9. Sprunga sem liggur hægra megin við stórt þak í miðju Vatnsbóli. FF: Árni Gunnar Reynisson og Björn Baldursson, júlí '95.

4. Ópus 8b 5.13c/d er liggur upp stöpul hægramegin í Vatnsbólinu og er erfiðasta leiðin sem farin hefur verið á svæðinu. FF: Björn Baldursson, ágúst '96.


5. Músastiginn 5.6 er boltuð lína eftir Björn Baldursson og Stefán Steinar Smáráson og er lengst til hægri í Vatnsbólinu.

6. Í Öldubólinu hefur ein boltuð lína bæst við; Norpað í neppunni 5.11c liggur upp vinstramegin við Bergmál. FF: Björn Baldursson, júlí '95.

7. Pálmi Músson og Hjalti R. Guðmundsson fóru nýja 5.6 sprungu vinstramegin við Strút sem nefnist Lax.

8. Tvær sprungur voru klifnar út við Salthöfða síðasta sumar. Önnur er staðsett suðvestanmegin í Salthöfða og er gróf sprunga af stærri gerðinni sem farin var af

Fréttapistill



Þorsti! Viðar rifur sig úr hlekkjunum og klífur Þorsta. Ljós.: Dagur Halldórsson.

Stefáni Steinari Smárasyni og Árna Gunnari Reynissyni og er 5.10. Hin sprungan er staðsett að sunnanverðu, í Gimlakletti, og er tvær spannir 5.10 og 5.6 og var farin af Birni Baldurssyni og Stefáni Steinari Smárasyni.

Norðurland

Vatnsdalur

Byrjað er að endurbolta leiðir með steiptum boltum og hafa Mýrarmóri og Pálsleið verið endurboltaðar en þær voru áður með innslegnum boltum.

Munkaþverá

Í ágúst 1995 fóru þeir Árni Gunnar Reynisson og Björn Baldursson í Munkaþverárgil og gerðu tvær nýjar boltaðar leiðir: Brjálæði 5.12c sem byggist upp á tæknilegum hreyfingum í lóðréttum vegg og Karlinn í brúnni sem er boltuð lína sem endar vinstra megin í brúnni.

Suðvesturland

Búahamrar

Sumarið 1994 byrjuðu þeir Björn Baldursson, Árni Gunnar Reynisson og Stefán Smárasón að bolta leiðir í áberandi slútandi vegg hægra megin við Tvíburagil og

hefur sá veggur fengið nafnið Fila-beinsturninn. Ein leið hefur verið farin en það er Vitisbjöllur, boltuð af Birni og er 5.12c. Fleiri leiðir eru í vinnslu en bergið þarna er fremur rotið og hefur því mikill tími farið í að brjóta og líma lausar festur upp. Þegar fleiri leiðir verða tilbúnar mun veggurinn, ásamt Mefisto, verða einn besti veggur til æfinga á úthaldi og tækni í slútandi leiðum.

Ásmundur Ívarsson og Jökull

Bergmann vinna nú að tveimur leiðum vinstra megin við Nálina og Dyragættina. Leiðirnar eru í traustum kletti um 10-15 m háar og af gráðu 5.9- 5.11.

Vesturbrúnir

Þann 10. nóvember 1996 fóru þeir Haraldur Örn Ólafsson og Guðmundur Eyjólfsson nýja leið á tindinn Nagg. Leiðin byrjar í skarðinu á milli Útvarðar og Naggs og liggur upp vesturhrygg Naggs



Knoll, Tott og rokkarinn í Höfðabrekkuhamri. Ljós.: Dagur Halldórsson.

Leiðsaga með

GARMIN
GPS



R. SIGMUNDSSON ehf.

Tryggvagötu 16 101 Reykjavík Sími: 562 2666 Fax: 562 2140



La SPORTIVA
GÖNGUSKÓR



66°N
VERSLANIR

TINN TVEI OG ÞEIR

SKÚLAGÖTU 51 SÍMI 552 7425, FAXAFENI 12 SÍMI 588 6600



Grunnskólinn og skólalóðin í Uummannaq.
Ljós.: Jón Viðar Sigurðsson.


og er hún fimm spannr af fimmtu gráðu. Leiðina nefndu þeir Hrafnsegg.

Vestfirðir

Drangaskörð

Upp úr Verslunarmannahelginni lögðu 6 skátar úr HSSK í leiðangur norður á Strandir til að klifa drangana í Drangaskörðum. Aðeins er bilfært inn í Ófeigsfjörð og

fóru þau því á gúmmítuðru frá Munaðarnesi í Ingólfsfirði norður að Dröngum. Tókst leiðangrinum á fjórum dögum að fara á alla sex tinda Drangaskarða að undanskildum hærri hluta Stóratinds sem er tvískiptur. Drangarnir voru taldir óklifnir utan þriggja lægstu og sá er ris hæst úr sjó var ónefndur. Hlaut hann hið fróma nafn Efstindur. Klifrið í dröngunum er ekki



Skátaforinginn á leið í jakahlaup! Unnur horfir yfir staka jaka úr hliðum Snæhettunnar, Nuugaatsiaq. Ljós.: Jón Viðar Sigurðsson.

tæknilega erfitt en bergið er mjög laust í sér. Leiðangursmenn voru vonum framar ánægðir með ferðina enda landslag og náttúra mögnuð þar um slóðir. Í leiðangrinum tóku eftirtaldir þátt: Valdimar Harðarson, Sigrún Hermannsdóttir, Björgvin Richardsson, Katrín Oddsdóttir, Guðni Bridde og Birgir Hauksson.

Gönguskiðaferðir

Dagana 29. mars - 6. apríl 1996 gengu fjórir félagar úr Hjalparsevit skáta í Garðabæ, þau Stefán Gunnarsson, Eyrún Björnsdóttir, Ólafur Jónsson og Daði Þorbjörnsson, á skiðum úr Eyjafirði og suður í Fljótshlíð. Genginn var svonefndur Vatnahjallavegur úr Eyjafirði (upp úr Hafrárdal). Farið var með Urðarvötnum og suður að Laugafelli. Þaðan var haldið beinustu leið í Nýjadal. Frá Nýjadal var haldið suður fyrir Ögöngur og inn á Köldukvíslarbotna og áfram með Hamarskrika og að gígnum Bryðju. Frá Bryðju var gengið suður um Innri- Tungnárbotna, með Jökulgrindum og í Jökulheima. Úr Jökulheimum var gengið með Tungnaá, yfir Litlasjó og í Veðivötn. Þaðan var svo haldið aftur að Tungná við Svartakrók og áfram að Ljótapolli og í Landmannalaugar, þar sem farið var í langþráð bað. Frá Landmannalaugum var haldið upp í Hrafninnusker, en þar var numið staðar vegna veðurs. Frá Hrafninnuskeri var haldið að Álftavatni, þaðan um Emstrur og í Botna. Úr Botnum hafði verið ráðgert að ganga í Þórsmörk en vegna snjóleysis var það ekki unnt og því var haldið yfir Markarfljót og niður á Einhyrningsflati þar sem þessi frábæra skiðaferð endaði. Vitað er um fleiri hópa sem fóru svipaða leið síðasta vetur, flestir voru þeir erlendir. Einn Íslendingur, Jósef Hólmjárn, gekk svipaða leið einn síns liðs.

Dagana 30/3 - 5/4 '96 gengu Helgi Borg Jóhannsson og Mývetningarnir Egill Einarsson og Áslaugur Haddsson úr Laugafelli

norðautan Hofsjökuls í Þjófakröka vestan Langjökuls. Á fyrsta degi var gengið að jaðri Hofsjökuls og á þeim næsta á hábungu hans. Á þriðja degi lá leiðin niður norðanverðan Kvíslarjökul og niður á Hveravelli. Eftir að hafa laugað sig heilan dag á Hveravöllum var haldið í Fjallkirkju á Langjökli þar sem þeir félagar biðu af sér stórhrið á Skírdag. Á löngum föstudegi skíðu félagarnir að lokum úr Fjallkirkju og niður á Kaldadalsveg. Þótt að veðrið þessa daga hafi verið fjarri því að vera fullkomið voru þeir félagar sáttir við túrinn.

Evrópuferð sumarið 1996

eftir Jökul Bergmann


Þann 1. júlí fórum við Ásmundur Rúnar Ívarsson og Jökull Bergmann til Frankenjura í Þýskalandi þar sem við vorum eina viku í sportklifri og klifruðum leiðir gráðaðar 5.9 - 5.11c. Við lögðum áherslu á að skoða sem mest af svæðinu. Það rigndi mikið en það kom þó furðulega lítið að sök því klettarnir á þessum svæðum eru yfirleitt slútandi, það olli aftur á móti ýmsum kvillum í vöðvum og sinum. Frá Frankenjura héldum við suður til Ítalíu í Dólómítana. Við byrjuðum á að heimsækja svæði sem heitir Tre Cime de Lavaredo en þar er norðurveggur Cima Grande einna frægastur fyrir að vera einn hinna sex klassisku stóru norðurveggja í Ölpunum. Þar klifruðum við þann 10. júlí Cassin leiðina á Cima Piccolissima, en hún er 250 m löng og gráðuð TD+. Mjög fin leið í sól og hita. Þann 12. júlí lögðum við svo til atlgögu við sjálfan norðurvegginn á Cima Grande. Við völdum Comici leiðina sem er upprunalega leiðin upp vegginn, hún er 500 m löng og gráðuð ED. Leiðin var í erfiðum aðstæðum þar sem það hafði snjóað nokkru áður og var hún því mjög blaut og köld. Þetta er tæknilega erfið leið, ekki sist vegna þess að fyrstu 200

metrarnir slúta út um 20 m, en upp komumst við og tók það um 8 tíma. Þetta er fyrsti norðurveggurinn af þessum 6 stóru sem klifinn er af Íslendingum. Þegar þarna var komið sögu, höfðum við fengið okkur fullsadda af fjöllum og kulda og fórum því niður til Arco. Þar vorum við í eina viku og reyndum að sjá og klifra sem mest við máttum en mikill hiti og raki gerði okkur lífið leitt. Þó náðum við að böðlast upp nokkrar 5.11 leiðir og borða margar pizzur og drekka mikið af Lambrusco. Frá Arco var haldið til annars fjallasvæðis í Dólómítunum sem heitir Brenta svæðið. Þar klifum við tind sem heitir Campinello Basso og er þekktur sem einn fallegasti klettturn í Dólómítunum. Þetta var 22. júlí, leiðin er 350 m, gráða TD. Þar var með í för finnskur félagi okkar, Sami Sarkoolaa, sem hafði aldrei klifrað neitt hærra en húsið heima hjá sér og var það mikið ævintýri að vera bundinn í sama spotta og maður á barmi taugaáfalls. Frá Ítalíu héldum við til Sviss þar sem við ætluðum að klifra norðurvegginn á Piz Badile en það varð lítið úr því þar sem hann var allur þakinn ís og í engum aðstæðum. Þá fórum við til Grindelwald og eyddum einum degi undir norðurvegg Eiger í skoðun og „spekúlásjónir“. Þar virtust aðstæður vera finar en hjórtu okkar ekki. Þá tókum við stefnuna til Frakklands og Grégory vinar okkar. Fljótlega héldum við svo til Chamonix og fórum upp í Envers skálann en þar er ógrynni flottra granitleiða og fórum við tvær þeirra; Pedro Pol-ar (31. júlí), 300 m, ED, ótrúlega falleg leið í góðu graníti og Elle a du le Faire (1. ágúst), 80 m, ED, þriggja stjörnu. Svo fór að rigna og það rigndi lengi. Svo kom gott veður í einn dag og þá fórum við í Pilier Rouge de Blatière og klifum þar leið sem heitir L'Eau Rance d'Arabie, TD+, 250 m. Þann 9. ágúst fóru Ási, Grégory og Elisabet Kristjánsdóttir Midi leiðina á „Blankinn“ og Jökull Bergmann fór einn sömu leið þann sama dag



Árni Gunnar og Björn Baldursson á mótinu í Lillehammer.

á 4 tímum. Þá hélt áfram að rigna og við héldum til Suður-Frakklands og ætluðum nú að nýta góða veðrið til einhverra stærri verka en allir norðurveggir voru úr aðstæðum svo við ákváðum að láta gamlan draum rætast og reyna við Bonatti Pillar á Petit Dru sem er með fallægustu klifurleiðum í Evrópu. Þann 18. ágúst lögðum við í hann og náðum að klifra leiðina til enda á 10 tímum en tókum þá ákvörðun að bívakka á toppnum fremur en að síga niður í rökkrinu. Svo sigum við niður daginn eftir með óveðrið á hælunum. Leiðin er 600m, ED+, ef hún er friklifruð en við þurftum eftir mikinn barning að beita stigaklifri á einum stað.



Cerro Torre.

Ljósni: Sigríður Ragna Sverrisdóttir.



Stefán Steinar siglir upp
Ruckus 5.12 í Rifle.


Ljósni: Árni Gunnar.




Björn Fr. Ólafsson. Hinn eini í Skessuhorni.

Ljósni: Páll Svansson.

Björn
Baldursson í
Ópus 8b
(5.13 c/d) í
Vatnsbólínu á
Hnappvöllum.
Þórarinn
Tryggvason.
Ljós: Árni
Gunnar.



Campinello Baso.
Ásmundur gerir
upp línuna eftir
góðan dag.
Ljós: Jökull.



1. Stjórn

Stjórn ÍSALP 1995 skipuðu eftirtalin: Páll Sveinsson formaður, Jón Þórgrímsson varaformaður, Ingimundur Stefánsson gjaldkeri, Árni Gunnar Reynisson ritari og Elín Sigurðardóttir, Pétur Ásbjörnsson og Katrín Oddsdóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt 11 fundi á starfsárinu.

2. Skálar

Farnar voru tvær vinnuferðir upp í Bratta, strompur var endurnýjaður og Flugbjörgunarsveitin fór með kol og gas. Í Tindfjallaskála var farið með gas og kol en skálinn er í góðu ástandi eftir miklar endurbætur á fimm-tugasta afmælisárinu.

3. Ferðir

Ekki voru margar ferðir farnar á vegum klúbbsins en meira var um að félagsmenn ferðuðust á eigin vegum. Farnar voru sjö ferðir á árinu af ýmsum toga og var fjölmennast á óformlegu móti klúbbsfélaga á Hnappavöllum um yfir verslunarmannahelgina. Ferða- og fundanefnd sá um dagskrárgerð að vanda og var formaður hennar fyrri hluta árs Þórarinn Pálsson en seinni hluta árs Elín Sigurðardóttir.

4. Námskeið

Haldin voru þrjú námskeið á árinu og bar þar hæst á síðasta vetri er Norðmaðurinn Eldar Heide hélt Telemarknámskeið við miklar vinsældir. Hallgrímur Magnússon hélt svo aukanáms-

skeið í Telemark um vorið. Vetrarnámskeið og jöklanámskeið voru haldin auk þess námskeiðs í félagabjörgun. Önnur námskeið féllu niður vegna þátttöku-leysis. Fjöldi þátttakanda á öllum námskeiðunum var um 45.

5. Félagsheimilið

Gengið var frá leigusamningi við Ferðafélagið en fyrri leigusamningur rann út á síðasta ári. Haldið hefur verið áfram með uppbyggingu á bókasafni og hafa verið keyptar um 30 bækur, þar á meðal Fjallamenn og Landið þitt Ísland. Tvö myndbönd voru keypt auk þess sem komið var fyrir læstri geymslu fyrir myndbönd í bókahillunni. Ópið hús var flest miðvikudagskvöld og skráningar í gestabók voru um 500. Árhátið var haldin með borðhaldi og öðru tilheyrandi en það er annað árið sem borðhald er haft. Jólaglögg var svo haldið á hefðbundnum tíma og voru báðar skemmtanirnar vel sóttar.

6. Útgáfan

Ársrit ÍSALP fyrir 1995 kom út í desember, en langt er síðan tekist hefur að koma ársritinu út á réttu almanaksári og á ritnefnd þakkar skyldar fyrir en hún hefur lagt mikla vinnu í að koma lagi á útgáfutímann og er vinna við næsta ársrit hafin. Ritstjóri ársritsins er Torfi Hjaltason. Fréttabréfið kom út þrisvar sinnum en áætlunin er gerð fyrir þrjá mánuði í senn auk þess sem drög eru lögð að næstu þremur mánuðum eftir það. Með haustdagsskránni var tekin upp sú nýjung að merkja ferðir eftir eðli og erf-

iðleikum og hefur það mælst vel fyrir. Ritstjóri fréttabréfsins er Elín Sigurðardóttir.

7. Félagatal

Skráðir félagar síðustu áramót voru 267 en 42 hættu eða voru strikaðir út vegna vanskila.

8. Önnur mál

Klúbburinn hélt áfram aðild að UIAA en aðildargjöld eru 1.000 Sfr (54.000 kr.) sem er helst til mikið en stefnt er að því að leita að styrktaraðila til að borga aðildargjöld. Sjötta klifurkeppnin var haldin í samvinnu við Fiskaklett og var sú nýbreytni tekin upp að skipta keppendum í þrjá flokka, karla- kvenna- og unglingaflokk auk þess sem verðlaunapeningar voru veittir í fyrsta sinn. Í nóvember héldu CHO OYU-farar myndasýningu í Háskólabíói og hafa aldrei eins margir sótt myndasýningu hjá klúbbum eða um 500 manns. Stjórnin samþykkti að reisa kamar á Hnappavöllum fyrir klifrara og er stefnt að því að hann verði kominn upp næsta sumar. Lögð var inn umsókn frá stjórn til ÍTR um styrkveitingu til byggingar á klifurvegg og er svars að vænta nú í febrúar. Í október kepptu tveir félagar í nafni klúbbsins á hinu fyrsta opnbera Norðurlandamóti sem haldið var í Noregi og náðu þar 3. og 13. sæti. Þar sem kletta-klifuríþróttin hefur verið í örum vexti er nú unnið að stofnun sérstaks íþróttafélags til að vinna að hagsmunum þess.

Ársreikningur Ísalp 1995

Rekstrarreikningur

Gjöld		Tekjur	
Ársrit 1994 (Þar af sendik. 31190)	278041	Félagsgjöld '92 og '93 (2)	5200
Ársrit 1995	211313	Félagsgjöld 1994 (85)	155150
Fréttabréf	48535	Félagsgjöld 1995 (75) samtals	297600
Rekstur Tindfjallaskála	11031	Auglýsingatekjur ársrits 1993	95865
Rekstur Bratta	15141	Auglýsingatekjur ársrits 1994	232566
Innheimtukostnaður v. árgjalds	25380	Skemmtanir	44082
Áskrift tímarita	25797	Auglýsingatekjur fréttabréf 1994	67500
Skemmtanir	28709	Gistigjöld Tindfjallaskáli	61940
Bókasafn	5904	Gistigjöld Bratti	26515
Virðisaukaskattur	50666	Sala leiðarvísar og leiðarspjalda	7600
Sími	11270	Sala Bækl. Mountaineering in Iceland	9642
Félagsgjald UIAA	56010	Myndbandasjóður	11832
Bækl. Mountaineering in Iceland	35000	Vextir	3165
Húsnæðisleiga	96000	Frjálst framlag, Hnappavellir	10300
Annar kostnaður	24509	Aðrar tekjur	25070
Gjöld alls	923306	Tekjur alls	1048827
Tekjur umfram gjöld	125521		
Samtals	1048827	Samtals	1048827

Efnahagsreikningur

Eignir		Skuldir	
Ávísanareikningur 1371 Lí	339887	Höfustóll	1066341
Gíróreikningur	20781	Tekjur umfram gjöld	125521
Kjörbók	108862		
Bratti	400241		
Litskyggnuvélar	21970		
Sjónvarp	5000		
Myndbandstæki	5000		
Bókasafn	188086		
Húsgögn	83435		
Útvarpstæki	8600		
Skuldunautar	10000		
Samtals	1191862	Samtals	1191862


Þetta er spurning um viðhorf og vandáðan útbúnað.



Léttir, mjúkir, fjaðrandi og þægilegir
Scarpa skór. Alveg fjalltraustir.
Manstu Armstrong á tunglinu?
Það er svoléiðis filingur!

Þ

að er svo skrítið með **Karrimor** bakpokann
– maður treður endalaust í ann og getur svo
varla lyft'onum. Svo þegar maður er búinn
að kom'onum á bakið, stílla allar reimar
og svona, þá er þetta ekki neitt neitt.




M

aður skríður ofan í hann,
nótt eftir nótt, á sumri sem vetri,
ár eftir ár og það er alltaf jafn notalegt.
Þannig er **Ajungilak**!

Þ

essi eru rosa sniðug – eini gallinn er
að maður skuli ekki geta átt lögheimili í þeim.
Flott að vera skráður á **Phoenix**... eitthvað!



Í

Skátabúðinni starfar aðeins þaulreynt fólk sem nýtur þess
að miðla af reynslu sinni – á öllum sviðum útivistar.

